

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/34/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 496/13/COL frá 11. desember 2013 um fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu (Ísland) . . . . .	1
2014/EES/34/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 91/14/COL frá 26. febrúar 2014 um norskt byggðakort 2014–2020 (Noregur) . . . . .	18
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/34/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7188 – Remondis Nederland/SITA Recycling Services/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	24
2014/EES/34/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7216 – Reggeborgh/Argos Energy Group) . . . . .	25
2014/EES/34/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7219 – Sonaci/DTS/Sonaci DT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	26
2014/EES/34/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7265 – Zimmer/Biomet) . . . . .	27
2014/EES/34/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7301 – PAI Partners/Euro Media Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	28
2014/EES/34/08		Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Ríkisaðstoð – Slóvenía – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer SA.33707 (2013/C) – Byggðaaðstoð til Revoz d.d. . . . .	29

<b>2014/EES/34/09</b>	Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki afturkallar tilkynningu – Ríkisaðstoð – Portúgal – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer SA.34764 (2012/C) – Byggðaaðstoð til Europac Kraft Viana, SA . . . . .	29
<b>2014/EES/34/10</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug . . . . .	30
<b>2014/EES/34/11</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir . . . . .	30
<b>2014/EES/34/12</b>	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á sérleyfisleitarsvæði nr. 107 . . . . .	31
<b>2014/EES/34/13</b>	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2014 – Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) . . . . .	32

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2014/EES/34/01

496/13/COL

frá 11. desember 2013

um fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 3. mgr. 7. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði <sup>(1)</sup>, og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. MÁLSATVIK

#### 1 Málsmeðferð

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA barst hinn 19. september 2011 kvörtun (skjal nr. 608967) vegna meintrar niðurgreiðslu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar á ráðstefnuhaldi og veitingaþjónustu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu („Harpa“ í því sem hér fer á eftir). <sup>(2)</sup>
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA ákvað með ákvörðun 128/13/COL frá 20. mars 2013, að fengnum öllum upplýsingum sem máli skipta frá stjórnvöldum á Íslandi og eftir að hafa rætt málið á fundi 5. júní 2013 <sup>(3)</sup>, að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð vegna fjármögnunar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu („ákvörðun 128/13/COL“ eða „ákvörðun um að hefja rannsókn“).
- 3) Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA með bréfi dagsettu 28. maí 2013 (skjal nr. 673762). Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld á Íslandi ræddu málið einnig á pakkafundi í Reykjavík 4. júní 2013.
- 4) Ákvörðun 128/13/COL birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau 8. ágúst 2013. Hagsmunaaðilum var veittur eins mánaðar frestur til að gera athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn. Engar umsagnir hagsmunaaðila bárust stofnuninni.

<sup>(1)</sup> Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 128/13COL frá 20. mars 2013 um að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð við fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, sem var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 229, 8.8.2013, bls. 18, og EES-viðbæti nr. 44, 8.8.2013, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Í þessari ákvörðun vísar „Harpa“ til hússins sjálfs og aðstöðunnar sem þar er.

<sup>(3)</sup> Ítarlegri frásögn af bréfaskrifunum er að finna í 2. til 5. mgr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 128/13/COL.

## 2 Lýsing á ráðstöfuninni

### 2.1 Almenn atriði

- 5) Eftirlitsstofnun EFTA lagði í ákvörðun 128/13/COL mat á fjármögnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Harpa er fjölnota bygging í hjarta Reykjavíkur og er hún nú í eigu íslenska ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%), sem stóðu í sameiningu að fjármögnun hennar.

### 2.2 Aðdragandi

- 6) Borgarstjórnin í Reykjavík, ásamt fulltrúum stjórnvalda á Íslandi, tilkynnti árið 1999 að tónlistar- og ráðstefnuhús yrði reist í miðborg Reykjavíkur. Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg undirrituðu síðla árs 2002 samkomulag um verkefnið og árið eftir var félagið Austurhöfn-TR ehf. stofnað, en tilgangur þess var að hafa umsjón með verkefninu. <sup>(4)</sup>
- 7) Í upphaflegri viðskiptaáætlun fyrir Hörpu var ráð fyrir því gert að einkaaðili myndi ábyrgjast byggingu og rekstur hússins og fá í staðinn árlegar greiðslur frá ríki og Reykjavíkurborg. Í apríl 2004 tilkynntu Ríkiskaup um forval vegna verkefnisins og á árinu 2005 komst matsnefnd að þeirri niðurstöðu að tilboð frá hlutafélaginu Portus ehf. hefði verið hagstæðast þeirra fjögurra tilboða sem bárust. Í framhaldi af því gerðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg samning („verkefnissamningur“) við Portus um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss. <sup>(5)</sup> Á árinu 2008, eftir hrun íslenska fjármálakerfisins, lenti einkaaðilinn sem var valinn hins vegar í miklum fjárhagslegum hremmingum og þurfti að draga sig út úr verkefninu og því voru framkvæmdir við Hörpu settar í bið.
- 8) Þegar einkaaðilinn dró sig út úr verkefninu hafði um það bil helmingur Hörpu verið reistur og stjórnvöld á Íslandi þurftu því að taka ákvörðun um framtíð hússins. Að sögn stjórnvalda á Íslandi voru einkum þrjár valkostir í boði á þeim tíma: <sup>(6)</sup>
- a) Hugsanlega var hægt að halda verkefninu áfram með opinberri fjármögnun. Kostnaðurinn við það var á þeim tíma metinn um það bil 13 milljarðar króna.
  - b) Annar kostur var sá að fresta byggingu Hörpu tímabundið. Kostnaðurinn við það var metinn um það bil 19 milljarðar króna.
  - c) Þriðji kostur var að stöðva framkvæmdir ótímabundið eða jafnvel rífa niður það sem þegar hafði verið reist. Kostnaðurinn við að hætta við verkefnið var metinn um það bil 10 milljarðar króna.
- 9) Einnig var ljóst að hálfkláruð bygging á stærð við Hörpu í hjarta borgarinnar myndi hafa vandamál í för með sér til lengri tíma litið og verðmæti færu forgörðum. Ekki var því talið framkvæmanlegt að hætta við verkefnið þar sem gríðarlegum fjármunum hafði verið varið í að hefja framkvæmdir og það yrði bæði dýrt og flókið að taka síðar upp þráðinn þar sem frá var horfið. Borgarstjórnin í Reykjavík og menntamálaráðherra komust því í febrúar 2009 að samkomulagi sem fól í sér að ríkið og Reykjavíkurborg myndu halda áfram byggingu hússins án samstarfs við einkaaðila. <sup>(7)</sup>
- 10) Austurhöfn-TR ehf. leysti því verkefnið til sín og áætlanir voru endurskoðaðar í því skyni að finna hagkvæmar lausnir vegna byggingar og hönnunar hússins. Í fréttatilkynningu frá ríkinu og Reykjavíkurborg kom fram að yfirtakan væri tímabundin lausn og að eignarhald á Hörpu og fjármögnun hennar yrði endurskoðað þegar efnahagslífið hefði aftur náð sér á strik. Verkefnissamningnum var breytt 2010 til að endurspeglar nýja stjórn verkefnisins og brotthvarf einkaaðilans <sup>(8)</sup> og aftur var hafist handa við að reisa húsið. Landsbankinn afskrifaði í raun stóran hluta fjárfestingarkostnaðarins og allt hlutfé þurkaðist þá út um leið. Byggingu Hörpu lauk 2011 og húsið var formlega opnað 20. ágúst 2011.

<sup>(4)</sup> Frekari upplýsingar um Austurhöfn-TR ehf. er að finna á vefsíðu félagsins: <http://www.austurhofn.is/>.

<sup>(5)</sup> Verkefnissamningur milli Austurhafnar-TR ehf. og Eignarhaldsfélagsins Portus ehf. sem var undirritaður 9. mars 2006.

<sup>(6)</sup> Sjá bréf frá stjórnvöldum á Íslandi dagsett 28. maí 2013 (skjal nr. 673762).

<sup>(7)</sup> Yfirlýsing frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem nálgast má á eftirfarandi vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4833>.

<sup>(8)</sup> Breyttur og endurgerður verkefnissamningur milli Austurhafnar-TR ehf. og Eignarhaldsfélagsins Portus ehf. sem var undirritaður 19. janúar 2010.

- 11) Nokkur hlutafélög komu þar til nýlega að framkvæmdunum við Hörpu, nánar tiltekið Portus ehf., sem sá um fasteignina og reksturinn, og Situs ehf., sem sá um aðrar byggingar sem áformað var að reisa á sama svæði. Portus átti tvö dótturfélög: Totus ehf., sem átti fasteignina sjálfa, og Ago ehf., sem sá um allan rekstur í Hörpu og leigði húsið af Totus. Situs átti einnig tvö dótturfélög: Hospes ehf., sem til stóð að myndi eiga reka hótél sem reisa átti á svæðinu, og Custos ehf., sem til stóð að myndi eiga og reka aðrar byggingar á svæðinu.
- 12) Stjórn Austurhafnar-TR ehf. ákvað hins vegar í desember 2012, í því skyni að draga úr rekstrar-kostnaði og auka skilvirkni, að einfalda rekstrarform Hörpu með því að sameina flest hlutafél-aganna sem komu að rekstrinum í eitt félag. Ríkið og Reykjavíkurborg stofnuðu því félagið Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ehf. sem skyldi fara með allan rekstur Hörpu. Hluti af langtímaáætlun, sem miðar að því að gera rekstur Hörpu sjálfbæran, er að einfalda grunnvirki hússins.

### 2.3 Tilgangur og markmið Hörpu-verkefnisins

- 13) Harpa á, að sögn stjórnvalda á Íslandi, að vera vettvangur fyrir fjölbreytt og metnaðarfullt tónlistar- og listalíf á Íslandi, með það að markmiði að kynna það besta sem íslenskir listamenn hafa fram að færa hverju sinni, með sérstaka áherslu á fjölbreytta tónlistarviðburði. Þá er Hörpu ætlað að vera uppspretta nýjunga í íslensku menningar- og tónlistarlífi og áhersla verður lögð á erlend samskipti til þess að Harpa verði verðugur viðkomustaður erlendra listamanna sem sækja Ísland heim.
- 14) Hörpu er enn fremur ætlað að vera vettvangur fyrir alls kyns ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar, til að styrkja stöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir alþjóðlegar ráðstefnur, með því að bjóða þjónustu og ráðstefnusali sem standa jafnfætis ráðstefnuhúsum í öðrum löndum. Hörpu er einnig ætlað að efla ferðaþjónustu á Íslandi og styrkja miðborg Reykjavíkur með því að vera miðpunktur fyrir alla Íslendinga á svæðinu og áfangastaður fyrir gesti, bæði íslenska og erlenda, sem vilja kynnast húsinu og njóta þeirrar þjónustu sem í boði er, arkitektúrs hússins og listarinnar sem þar er til sýnis.
- 15) Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan og Stórsveit Reykjavíkur hafa gert langtímasamninga um notkun á tiltekinni aðstöðu í Hörpu. Harpa hýsir einnig ráðstefnur, svo og ýmsa aðra listviðburði, t.d. popp- og rokktonleika, jafnt íslenskra sem erlendra listamanna. Rekstur annarrar starfsemi í Hörpu, eins og veitingaþjónustu, hljómplötuverslunar og húsgagnaverslunar, er á vegum einkaaðila sem leigja aðstöðu í Hörpu. Aðstaðan er leigð einkafyrirtækjum samkvæmt markaðsskilmálum en efnt var til opinbers útboðs þar sem hagstæðustu tilboðunum var tekið.
- 16) Áður en Harpa var reist voru engir tónlistarsalir á Íslandi með góðan hljómburð sem gátu tekið fleiri en 300 manns í sæti og þar sem bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan gætu starfað. Stjórnvöld á Íslandi litu því svo á að nauðsynlegt væri að reisa menningarhús sem myndi tryggja að Íslendingar gætu notið tónlistar og annarra lista. Þá voru, að sögn stjórnvalda á Íslandi, ekki heldur neinar ráðstefnumiðstöðvar á Íslandi sem gætu tekið á móti stórum ráðstefnum.

### 2.4 Aðstaðan í Hörpu

- 17) Harpa er 28 þúsund fermetrar að stærð og stendur við Austurbakka 2 við gömlu höfnina í Reykjavík. Danska arkitektastofan Henning Larsen Architects teiknaði húsið í samvinnu við íslensku stofuna Batteríið arkitektar. Ólafur Eliasson myndlistarmaður hannaði glerhjúpinn utan um húsið í samvinnu við arkitektana. Artec Consultants Inc sáu um hljómburðinn, hljóðeinangrun og hönnun hljómléikasala og hljóðkerfis.
- 18) Hönnun hússins miðar að því að tryggja fjölbreytta og góða aðstöðu fyrir allar tegundir tónleika og ráðstefna og Íslendingar fengu aðstöðu sem ekki var áður fyrir hendi í landinu. Harpa hefur þegar unnið til verðlauna fyrir tónleikaaðstöðuna og var valin eitt besta tónleikahús nýrrar þúsaldar af tímaritinu Gramophone og besta sýningarhúsið 2011 af tímaritinu Travel & Leisure. Þá fékk Harpa verðlaun Evrópusambandsins fyrir bestu nútímabyggingarlist 2013 – Mies van der Rohe verðlaunin. <sup>(9)</sup>

<sup>(9)</sup> Fréttatilkynninguna er að finna á eftirfarandi vefslóð: [http://europa.eu/rapid/press-release\\_IP-13-376\\_en.htm](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-376_en.htm).

- 19) Hér á eftir er yfirlit yfir tónleikasalina í Hörpu: <sup>(10)</sup>
- i) *Eldborg* tekur 1.800 manns í sæti og er stærstur tónleikasala Hörpu, samtals 1008 m<sup>2</sup>. Lofthæð í Eldborg er 23 metrar og sviðið er 22 metrar x 17 metrar. Í Eldborg er stillanlegur ómtími, vagnar undir kóra og upptökuaðstaða, svo og aðstaða fyrir flytjendur. Salurinn er sérstaklega hannaður fyrir tónleika.
  - ii) *Norðurljós* er tónleikasalur sem er hannaður fyrir smærri tónleika, t.d. einleiks- eða einsöngstónleika. Í salnum eru svalir allan hringinn og sviðið er færanlegt. Í salnum er sérhannaður ljósabúnaður sem hægt er að stilla þannig að hann skíni í fjölda litasamsetninga til að skapa andrúmsloft sem er við hæfi atburðarins. Tveir hljóðeinangraðir hljóðlásar tengja saman salina Norðurljós og Silfurberg þannig að auðvelt er að nota þá saman fyrir stærri viðburði. Salurinn er 540 m<sup>2</sup> og tekur 520 manns í sæti (sætaskipan er eins og í leikhúsi).
  - iii) *Silfurberg* er eini salurinn í Hörpu sem er sérstaklega hannaður fyrir ráðstefnur. Salurinn er 735 m<sup>2</sup> og tekur allt að 840 manns í sæti (sætaskipan er eins og í leikhúsi). Sviðið er hreyfanlegt og unnt er að stækka það. Salnum má skipta í tvo hluta, með hljóðeinangruðum, hreyfanlegum millivegg, og tekur hvor hluti 325 manns í sæti. Tveir hljóðeinangraðir hljóðlásar tengja Silfurberg og Norðurljós og með því að opna þá er unnt að samnýta salina undir stærri viðburði, ef þörf krefur. Salurinn hentar fyrir alls kyns ráðstefnur, móttökur eða tónleika. Í honum er besti fánlegi tæknibúnaður fyrir ráðstefnur. Salurinn hentar einnig vel fyrir margs konar tónlistarviðburði.
  - iv) *Kaldalón* er minnsti salurinn í Hörpu, eða 198 m<sup>2</sup>. Salurinn tekur 195 manns í sæti. Hann er hannaður fyrir tónleika. Sviðið er færanlegt og einnig er unnt að nota gólfíð sem svið fyrir tónlistarmenn. Ómtímanum í salnum er unnt að breyta og þannig hægt að laga hann að mismunandi viðburðum.
  - v) *Björtuloft* er 400 m<sup>2</sup> salur á 6. og 7. hæð Hörpu sem tekur 130 manns í sæti. Salurinn hentar fyrir fundi og veisluhöld, móttökur og aðra viðburði. Salurinn rúmar um það bil 130 manns á efri hæðinni (7. hæð) og um 60–70 á þeirri neðri, samtals um 200 manns í kringum borð á báðum hæðum. Ef um er að ræða móttökur þar sem allir standa geta milli 300 og 350 manns komist fyrir á hæðunum báðum. Á sjöundu hæð er tjald, myndvarpi og hljóðkerfi og lýsingin er stillanleg.
- 20) Í Hörpu eru sjö smærri fundarherbergi sem taka frá 8 til 250 manns í sæti og í húsinu eru einnig nokkur almenningsrými sem eru stöku sinnum leigð fyrir sýningar og móttökur til þess auka tekjur félagsins. Unnt er að skipta fundarherbergjunum upp í smærri herbergi. Öll fundarherbergin eru tækjum búin og þar er að finna myndvarpa, fjarfundarbúnað og hljóðkerfi.

## 2.5 Fjármögnun rekstrar Hörpu

- 21) Harpa er, eins og áður hefur komið fram, að fullu í eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í gegnum Austurhöfn-TR ehf. Skuldbindingar ríkisins og Reykjavíkurborgar eru tilgreindar í 13. gr. verkefnissamningsins frá 2006. <sup>(11)</sup> Árlegar greiðslur frá ríki og Reykjavíkurborg koma af fjárhagsáætlunum þeirra. Í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2011 var reiknað með því að árlegt framlag ríkisins yrði 424,4 milljónir króna. Fjárhæðin sem áætlað var að ríkið legði til fyrir árið 2012 var 553,6 milljónir króna. Öll opinber framlög til Hörpu miðast við eignarhlut í verk-efninu, þ.e. ríkið greiðir 54% og Reykjavíkurborg 46%. Framlöggin eru einnig bundin vísitölu neysluverðs.
- 22) Stjórnvöld og borgaryfirvöld hafa, auk framlaganna sem kveðið er á um í fjárhagsáætlunum ríkis og Reykjavíkurborgar, skuldbundið sig til að veita skammtímalán vegna rekstrar á Hörpu þar til lokið verður við langtímafjármögnun til að standa að fullu straum af kostnaði við verkefnið. Frá og með árinu 2013 var heildarfjárhæð lánsins 794 milljónir króna með 5% vöxtum og 200 grunnpunkta álagi. Lánið skyldi greiðast upp fyrir 15. febrúar 2014. Hinn 6. mars 2013 undirrituðu Reykjavíkurborg, ríkið og Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa ehf. samning um að láninu til að brúa bilið yrði breytt í hlutafé í Hörpu, þar eð félaginu hafði ekki áður verið lagt til hlutafé. Í sama samningi skuldbundu ríkið og Reykjavíkurborg sig til að greiða Hörpu tíma-

<sup>(10)</sup> Eins og þeim var lýst í bréfi frá stjórnvöldum á Íslandi dagsettu 28. maí 2013 (skjal nr. 673762). Frekari upplýsingar um salina og fundarsalina í Hörpu er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://harpa.is/harpa/salir-og-skipulag>.

<sup>(11)</sup> Með áorðnum breytingum og endurgerður 2010.

bundnar viðbótargreiðslur að fjárhæð 160 milljónir króna á ári á árunum 2013–2016, fyrst og fremst til að standa straum af fasteignagjöldum Hörpu þar sem þau reyndust miklu hærri en reiknað var með. <sup>(12)</sup> Í öðru lagi kom á daginn annar ófyrirséður kostnaður vegna Hörpu.

- 23) Ríkið og Reykjavíkurborg leggja til fjármuni í hverjum mánuði til að greiða lánaskuldbindingar vegna Hörpu. Þar eð verkefninu er ætlað að vera sjálfbært verður hagnaðurinn að standa straum af öllum rekstrarkostnaði. Fjármunum frá eigendunum er þess vegna, að sögn stjórnvalda á Íslandi, aðeins ætlað að standa straum af útstandandi lánnum. <sup>(13)</sup>
- 24) Hinn 16. apríl 2013 var skrifað undir nýtt samkomulag („verkefnissamningurinn 2013“) og kom hann í stað breytts verkefnissamnings. <sup>(14)</sup> Samkvæmt nýja samningnum verður framlag Reykjavíkurborgar og ríkisins áfram án nokkurra skilyrða og sama fjárhæð greidd mánaðarlega, 595 milljónir króna á hverju ári í 35 ár, frá og með mars 2011. Þegar árleg fjárhæð hefur verið uppfærð samkvæmt vísitölu neysluverðs frá og með mars 2013, verður árleg greiðsla 1.023.339.932 krónur. <sup>(15)</sup>
- 25) Samkvæmt áætluðum ársreikningi Austurhafnar-TR ehf. fyrir árið 2012, var gert ráð fyrir verulegum rekstrarhalla, eða sem svarar neikvæðri EBITDA að fjárhæð 406,5 milljónir króna. Ráðstefnuhluti Hörpu var rekinn með neikvæðri EBITDA að fjárhæð 120 milljónir króna 2012 og sömu sögu er að segja af „öðrum listviðburðum“ (neikvæð EBITDA að fjárhæð 131 milljón íslenskra króna). Í áætluðum ársreikningi og tekjugreiningu fyrir árið 2013 er einnig séð fram á verulegan rekstrarhalla, eða neikvæða heildar EBITDA upp á um það bil 348 milljónir króna, þar sem halli er á rekstri bæði ráðstefnuhalds og „annarra listviðburða“. <sup>(16)</sup>

## 2.6 Skipting kostnaðar og aðskilið bókhald

- 26) Samkvæmt upphaflegum verkefnissamningi skyldi vera fjárhagslegur aðskilnaður milli fyrirtækjanna sem komu að rekstri Hörpu og milli mismunandi rekstrar og starfsemi:

*13.11.1 Einkaaðilinn mun ávallt tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli fasteignafélagsins, rekstrarfélagsins, Hrings og einkaaðilans. Öllum einingum verður stjórnað og þær reknar hver fyrir sig að því er varðar fjármál.*

*13.11.2 Einkaaðilinn mun ávallt tryggja nægilegan fjárhagslegan aðskilnað, þ.e. aðskilið bókhald vegna vinnu sem greitt er fyrir annars vegar og vegna annars rekstrar og starfsemi í ráðstefnumiðstöðinni. Einkaaðilinn skal ávallt geta sýnt fram á það á samningstímanum, að beiðni viðskiptavinar, að slíkur fjárhagslegur aðskilnaður sé fyrir hendi.*

- 27) Rekstri Hörpu er skip í nokkra flokka: 1) Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2) Íslenska óperan, 3) Aðrir listviðburðir, 4) Ráðstefnudeild, 5) Rekstur, 6) Miðasala, 7) Rekstur fasteignar, 8) Stjórnunarkostnaður. Allir þessir kostnaðarflokkar falla nú undir Hörpu – tónlistar- og ráðstefnuhús ehf. og tekjur og kostnaður vegna hvers þessara flokka eru teknar með í fjárhagsáætluninni samkvæmt viðeigandi flokki. Sameiginlegur rekstrarkostnaður, svo sem laun húsnæði (kynding og rafmagn) og umsýslukostnaður skiptist á milli flokkanna samkvæmt kostnaðarskiptingarlíkaninu. <sup>(17)</sup>
- 28) Um ítarlegri lýsingu á ráðstöfuninni vísast til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 128/13/COL. <sup>(18)</sup>

## 3 Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

- 29) Eftirlitsstofnun EFTA lagði, í ákvörðun 128/13/COL, mat til bráðabirgða á það hvort fjármögnun Hörpu væri ríkisaðstoð og, ef svo væri, hvort aðstoðin samrýmdist ríkisaðstoðarákvæðum EES-samningsins.

<sup>(12)</sup> Deilu um fasteignaskatta Hörpu og hvort þeir byggist á réttu mati hefur verið vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

<sup>(13)</sup> Sjá minnisblað frá framkvæmdastjóra Hörpu, dagsett 24. september 2012 (skjal nr. 648320).

<sup>(14)</sup> Samningur milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu ehf. um rekstur og starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu frá 16. apríl 2013.

<sup>(15)</sup> Sama.

<sup>(16)</sup> Sjá skýrslu KPMG, dagsetta 7. febrúar 2013 (skjal nr. 662444).

<sup>(17)</sup> Sama.

<sup>(18)</sup> Einkum hluti 3 í ákvörðuninni.

- 30) Að sögn stjórnvalda á Íslandi felur fjármögnun Hörpu ekki í sér ríkisaðstoð þar sem tryggt hafi verið á tilhlýðilegan hátt að haldið væri aðskilið bókhald fyrir mismunandi starfsemi í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. Máli sínu til stuðnings, lögðu stjórnvöld á Íslandi fram skýrslur frá tveimur endurskoðunarfyrirtækjum um aðskilið bókhald félaganna sem koma að rekstri Hörpu. Stjórnvöld á Íslandi lögðu einnig fram verðgreiningu þar sem verð er borið saman við það sem gerist hjá sambærilegum ráðstefnustöðum í Reykjavík, miðað við stærð og afkastagetu. Stjórnvöld á Íslandi héldu því enn fremur fram að ráðstefnuhaldið hefði jákvæð áhrif á aðra starfsemi í Hörpu og ef ráðstefnuhaldsins nyti ekki við myndi kostnaður við aðra starfsemi verða umtalsvert meiri.
- 31) Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA er hins vegar að fjármögnun Hörpu hafi falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirfarandi þættir voru tilgreindir í ákvörðun 128/13/COL:
- i) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að þar sem íslenska ríkið og Reykjavíkurborg stæðu í sameiningu straum af árlegum rekstrarhalla Hörpu með því að reiða fram tiltekna fjárhæð af fjárhagsáætlunum sínum, kæmu ríkisfjármunir í skilningi 61. gr. EES-samninginn við sögu.
  - ii) Eftirlitsstofnun EFTA lýsti þeirri skoðun sinni að bæði bygging og rekstur grunnvirkis teldist atvinnustarfsemi ef grunnvirkið væri, eða yrði notað til að selja vörur eða þjónustu á markaði. <sup>(19)</sup> Hluti starfseminnar sem fram fer í Hörpu, einkum ráðstefnuhald, leiksýningar, tónleikar með vinsælli tónlist, o.s.frv., getur laðað að sér talsverðan fjölda viðskiptavina í samkeppni við einkarekin ráðstefnuhús, leikhús eða aðra tónleikastaði. Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA er því að félögin sem koma að rekstri Hörpu, að svo miklu leyti sem þau stunda viðskiptastarfsemi, teljist vera fyrirtæki.
  - iii) Eftirlitsstofnun EFTA taldi enn fremur að opinber fjármögnun byggingar Hörpu teldist vera efnahagslegur ávinningur og þar af leiðandi aðstoð þar eð verkefnið hefði vissulega ekki orðið að veruleika án slíkrar fjármögnunar. Að auki taldi stofnunin að félögin sem koma að rekstri Hörpu nytu ávinnings í formi tryggs hagnaðar þegar ríkið og Reykjavíkurborg gera ekki kröfu um arð af fjárfestingu sinni í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu, að svo miklu leyti sem þessi félög stunda efnahagslega starfsemi, svo sem ráðstefnuhald eða aðra listviðburði. Bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA var því talið sýna að ekki væri unnt að útiloka sértækan, efnahagslegan ávinning á öllum stigum (byggingu, rekstri og notkun).
  - iv) Loks komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar væru líklegar til að raska samkeppni. Þar eð á markaði fyrir skipulagningu alþjóðlegra viðburða eins og ráðstefna og viðburða ríkir samkeppni milli leigusala og skipuleggjenda viðburða, sem að jafnaði stunda starfsemi sem felur í sér viðskipti milli EES-ríkja, mætti gera ráð fyrir að það hefði áhrif á viðskipti. Í þessu tilviki eru áhrifin á viðskipti milli tiltekinna nágrannaríkja innan EES jafnvel enn líklegri vegna eðlis ráðstefnuhalds. <sup>(20)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA komst þar af leiðandi að því bráðabirgðaáliti að hætta væri á að ráðstöfunin raskaði samkeppni og hefði áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.
- 32) Eftirlitsstofnun EFTA hafði að auki efasemdir um að ríkisaðstoðin gæti talist samrýmanleg EES-samningnum. Samkvæmt stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er heimilt að líta svo á að aðstoð við menningarstarf og varðveislu menningararfleifðar samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni á EES-svæðinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Stjórnvöld á Íslandi hafa haldið því fram að meginmarkmið umræddrar ráðstöfunar hafi verið að stuðla að menningarstarfsemi með byggingu tónleikasalar sem rúmaði bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna. Eftirlitsstofnun EFTA féllst á að bygging og rekstur aðstöðu fyrir sinfóníuhljómsveitina og óperuna, ef tekið er mið af menningarlegum tilgangi hennar, gæti talist aðstoð til að stuðla að menningarstarfsemi.
- 33) Eftirlitsstofnun EFTA féllst einnig á að grunnvirki á borð við Hörpu gæti einnig hýst margvíslega viðskiptastarfsemi, eins og veitingastaði, kaffihús, verslanir, ráðstefnur og tónleika fyrir almenning. Hins vegar yrði að tryggja, til að raska ekki samkeppni, að ekki kæmi til

<sup>(19)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA 33618 (Svíþjóð) *fjármögnun Uppsala Arena* (Stjtið. ESB C 152, 30.5.2012, bls. 18), 19. málsgrein.

<sup>(20)</sup> Sjá mál T-90/09 *Mojo Concerts BV og Amsterdam Music Dome Exploitation BV* gegn framkvæmdastjórn, úrskurður almenna dómstólsins frá 26.1.2012, 45. mgr., birt í Stjtið. ESB C 89, 24.3.2012, bls. 36.



styrkjatilfærslu milli viðskiptastarfsemi og niðurgreiddrar menningarstarfsemi. Bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA var sú að hún teldi vafa leika á hvort stjórnvöld á Íslandi hefðu tryggt nægilega vel að slík styrkjatilfærsla ætti sér ekki stað. Eftirlitsstofnun EFTA taldi þar af leiðandi, að loknu bráðabirgðamati sínu, að vafi léki á hvort bygging og rekstur Hörpu gæti talist samrýmanleg stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### 4. Umsögn stjórnvalda á Íslandi

- 34) Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi endurspegluðu þá skoðun þeirra að fjármögnun rekstrar Hörpu fæli ekki í sér ríkisaðstoð þar eð nægilega vel hefði verið tryggt að félögin héldu aðskilið bókhald vegna mismunandi starfsemi innan veggja Hörpu. <sup>(21)</sup>
- 35) Stjórnvöld á Íslandi gera ekki ágreining um að fjárframlög til Hörpu komi af ríkisfjármunum og að þau megi rekja til ríkisins. Þau halda því þó fram að ekki sé unnt að líta á Hörpu sem fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stjórnvöld á Íslandi segja að Harpa sé grunnvirki og menningarstaður sem hafi það markmið að varðveita og efla framgang menningar og íslenskrar arfleifðar og því sé ekki hægt að líta svo að hún selji vöru og þjónustu á samkeppnismarkaði. Stjórnvöld á Íslandi eru enn fremur þeirrar skoðunar að skilyrði um efnahagslegan ávinning sé ekki fullnægt í þessu máli þar eð tryggt hafi verið að hinn viðskiptalegi hluti Hörpu sé ekki fjármagnaður með ríkisfjármunum sem aðeins er veitt til menningarstarfsemi. Loks benda stjórnvöld á Íslandi á, að því er varðar áhrif á samkeppni og viðskipti milli samningsaðila, að hafa verði í huga landfræðilega legu Íslands og að ekki sé líklegt að áheyrndur frá öðrum ríkjum, sem eiga aðild að EES-samningnum, muni ferðast sérstaklega til Íslands til að sækja tónleika og sambærilega viðburði.
- 36) Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að heildarrekstur Hörpu sé ekki viðskiptalegs eðlis. Þau halda fram að einkafyrirtæki hefði aldrei reist Hörpu og ekki sé hægt að bera hana saman við samstæðu einkafyrirtækja. Stjórnvöld á Íslandi segja því að staðreyndirnar sýni greinilega fram á takmarkanir markaðsfjárfestaprófsins í þessu tilviki.
- 37) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt til, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra Hörpu, að til þess að tryggja að ekki komi til víxlنيðurgreiðslu verði ekki farin sú leið að aðskilja félögin eða að skylda að ráðstefnuhaldið verði boðið út. Stjórnvöld á Íslandi þykjast þess fullviss að aðrar ráðstafanir hæfi betur og muni ekki valda jafn miklum erfiðleikum í rekstri hússins. Stjórnvöld á Íslandi eru þannig sammála því, burtséð frá því hvort ríkisfjármunir sem voru notaðir til að fjármagna og reka Hörpu teljist samrýmanlegir ríkisaðstoðarreglum – eða teljist alls ekki ríkisaðstoð – að hrinda verði ráðstöfununum í framkvæmd til að tryggja að aðstoð raski ekki samkeppni á markaði ráðstefnuhalds á ólögmætan hátt.
- 38) Stjórnvöld á Íslandi eru sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að tryggja þurfi að rekstur ráðstefnuhalds sé fjárhagslega óháður öðrum rekstri í Hörpu og að hrinda verði verndarráðstöfunum í framkvæmd til að koma í veg fyrir víxlنيðurgreiðslu milli þessara tveggja aðila. Í því skyni að tryggja tilhlýðilega skiptingu milli viðskiptastarfsemi og annarrar starfsemi og til að koma í veg fyrir hvers kyns niðurgreiðslur til hinnar fyrnefndu, hefur því verið gripið til tveggja meginráðstafana:
- i) *Í fyrsta lagi* hafa framkvæmdastjórar Hörpu tekið í notkun nýjan viðskipta- og bókhaldshugbúnað. <sup>(22)</sup> Hann gerir Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ehf. kleift að tryggja tilhlýðilega skiptingu mismunandi starfsemi og tengja bókhaldskerfið nánar við verkefnastjórnina. Nýja kerfið er til muna gagnsærra og með því er unnt að gera mun ítarlegri greiningar. Með aðskilnaði bókhalds í Hörpu er tekið mið af leiðsögn í tilskipun 2006/111/EB um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, („gagnsæistilskipuninni“) <sup>(23)</sup> Sérstakt bókhald (deildaskipt) er haldið fyrir alla menningarstarfsemi og leigjendur, svo og rekstur ráðstefnuhalds, og þar með er tryggt að eigið bókhald sé haldið fyrir mismunandi starfsemi.
  - i) *Í öðru lagi* hafa stjórnvöld á Íslandi tryggt að tiltekinn hluti fasts og sameiginlegs kostnaðar Hörpu skiptist milli einstakra rekstrardeilda, á grundvelli raunverulegrar notkunar og við-

<sup>(21)</sup> Sjá bréf frá stjórnvöldum á Íslandi dagsett 28. maí 2013 (skjal nr. 673762).

<sup>(22)</sup> Nýi hugbúnaðurinn, Microsoft Dynamics Nav, var inleiddur í janúar 2013. Sjá minnisblað frá fjármálastjóra Hörpu, dagsett 21.5.2013 (skjal nr. 673770).

<sup>(23)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinnna fyrirtækja (Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17), felld inn í XV. viðauka við EES-samninginn undir lið 1a.

skiptastarfsemi. Að auki hefur ráðstefnudeildinni verið gert að greiða markaðsverð fyrir leigu á skrifstofuadstöðu og annarri aðstöðu. Stjórnvöld á Íslandi ákvörðuðu markaðsverð leigunnar og endurgjaldsins fyrir notkun á sameiginlegri þjónustu með því að bera saman við það verð sem einkaaðilar myndu gera kröfu um við sambærilegar aðstæður.

- 39) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram drög að tillögu um algjöran aðskilnað bókhalds ráðstefnudeildarinnar í Hörpu þar sem tekið er tillit til nýrrar aðferðar við skiptingu kostnaðar og tekna. <sup>(24)</sup> Taflan hér að neðan sýnir hvernig lagt hefur verið til að aðskilja bókhald innan Hörpu: <sup>(25)</sup>

Aðskilnaður bókhalds fyrir ráðstefnudeild Hörpu			
	Rekstrartekjur:	2013	2016
1	Leigutekjur af aðstöðu til ráðstefnuhalds	109.282	141.815
2	Leigutekjur af tæknibúnaði	37.965	47.870
3	Tekjur af þjónustu tæknimanns	38.054	48.105
4	Aðrar tekjur	2.186	2.836
	– Heildartekjur, þó ekki tekjur af veisluþjónustu	187.486	240.626
	<b>Tekjur af veisluþjónustu:</b>		
5	Hluttur ráðstefnudeildar í tekjum af veisluþjónustu	34.396	38.697
6	Föst leiga	7.209	7.209
	<b>Heildartekjur af ráðstefnuhaldi</b>	<b>229.091</b>	<b>286.533</b>

	Rekstrarkostnaður:		
7	Föst leiga – skrifstofa ráðstefnuhalds	686	686
8	Föst leiga – veisluþjónusta	7.209	7.209
9	Laun og launatengdur kostnaður – starfsfólk við ráðstefnuhald	42.908	42.908
10	Gjald fyrir fjármálastjórn (bókhald)	1.000	1.000
11	Laun og launatengdur kostnaður – starfsfólk við markaðssetningu	6.738	6.738
12	Kostnaður við markaðssetningu	22.000	22.000
	<b>Kostnaður í tengslum við viðburði:</b>		
13	Leigugjald (75% af tekjum við leigu aðstöðunnar)	81.961	106.361
14	Kostnaður við tækjaleigu (75% af tekjum við leigu tækjabúnaðar)	28.474	35.903
15	Kostnaður vegna þjónustu tæknimanns (75% af tekjum vegna þjónustu tæknimanns)	28.541	36.079
	<b>Heildarrekstrarkostnaður:</b>	<b>219.571</b>	<b>258.884</b>
	<b>EBITDA</b>	<b>9.574</b>	<b>27.649</b>

- 40) Stjórnvöld á Íslandi hafa, að því er varðar leigugjaldið, afhent Eftirlitsstofnun EFTA samanburð á leigugjaldi fyrir aðra ráðstefnuhaldsaðstöðu á Íslandi sem sýnir að leigan sem ráðstefnudeildin greiðir er hærri en sambærileg markaðsleiga til almennra viðskiptavina. Að sögn stjórnvalda á Íslandi myndi leiga til heildsölurekstraraðila eins og ráðstefnudeildarinnar að jafnaði vera umtalsvert lægri en sú sem almennur viðskiptavinur myndi greiða. Stjórnvöld á Íslandi leggja því til að 25% framlegð (undirverði) verði beitt. <sup>(26)</sup> Að sögn stjórnvalda á Íslandi ætti svo lítil framlegð að tryggja að ráðstefnudeildin greiddi rétt gjald samanborið við aðra rekstraraðila.

<sup>(24)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA skilst að nýja kostnaðar- og tekjuskiptingaraðferðin og líkanið um aðskilið bókhald komi fram í ársreikningi Hörpu fyrir 2013.

<sup>(25)</sup> Allar tölur eru í þúsundum íslenskra króna.

<sup>(26)</sup> Að sögn stjórnvalda á Íslandi er algengt að framlegð í sambærilegum atvinnugreinum sé á bilinu 20% til 30%.

- 41) Stjórnvöld á Íslandi segja skiljanlegt að fjárfesting á borð við Hörpu, eins og önnur stór fjárfestingarverkefni, skili ekki hagnaði fyrstu tvö til þrjú rekstrarárin. Nýja líkanið fyrir skiptingu kostnaðar og tekna sýnir aftur á móti að viðskiptalegi hlutinn muni smám saman skila meiri hagnaði og skila eigendum Hörpu ávöxtun á fjárfestingu sína á næstu tveimur til þremur árum. Nýja líkanið sýnir einnig fram á að ráðstefnudeildin hafi, fram til þessa, að öllum líkindum staðið undir hlutfallslega stærri hluta sameiginlegs kostnaðar en aðrir.
- 42) Loks hafa stjórnvöld á Íslandi lýst þeirri skoðun sinni, fari svo að Eftirlitsstofnun EFTA telji ráðstöfunina vera ríkisaðstoð, að unnt væri að telja slíka aðstoð samrýmanlega 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að teknu tilliti til markmiðsins með ráðstöfuninni, þar með talið markmiðsins um að vernda og efla menningu og íslenska arfleifð. Í þessu skyni hafa stjórnvöld á Íslandi einnig beint því til Eftirlitsstofnunar EFTA að hún meti hvort slík aðstoð feli í sér fjármögnun á þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

## II. MAT

### 1. Hefur verið veitt ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

43) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

44) Þetta felur í sér að ráðstöfun telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin i) er veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum, ii) veitir viðtakanda efnahagslegan ávinning, iii) er sértæk, iv) hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila og er líkleg til að raska samkeppni. <sup>(27)</sup>

45) Í köflunum hér á eftir verður fjármögnun ríkisins á Hörpu metin með hliðsjón af þessum viðmiðunum.

#### 1.1 Ríkisfjármunir

46) Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, verður ráðstöfunin að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum til að teljast ríkisaðstoð.

47) Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því þegar í upphafi að sveitar- og héraðsstjórnir teljast jafngildar ríkinu. <sup>(28)</sup> Þar af leiðandi tekur ríkið, með tilliti til ákvæða 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, til allra stjórnsýslustofna ríkisins, frá ríkisstjórn til sveitarstjórnarstigsins eða til lægsta stjórnsýslustigsins, svo og til allra opinberra fyrirtækja og aðila. Enn fremur teljast fjármunir sveitarfélaga vera ríkisfjármunir í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. <sup>(29)</sup>

48) Þar eð íslenska ríkið og Reykjavíkurborg standa í sameiningu straum af árlegum halla rekstrarfélags Hörpu með því að reiða fram tiltekna fjárhæð af fjárhagsáætlunum sínum, koma ríkisfjármunir við sögu. Enn fremur felur umbreyting lána í hlutafé í sér yfirfærslu á ríkisfjármunum þar eð ríkið og Reykjavíkurborg myndu afsala sér rétti sínum til að fá útstandandi lán endurgreidd að fullu. Því er fyrstu viðmiðun 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fullnægt.

#### 1.2 Fyrirtæki

49) Til þess að ráðstöfunin teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að veita fyrirtæki efnahagslegan ávinning. Fyrirtæki eru einingar sem stunda efnahagslega starfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð. <sup>(30)</sup> Efnahagsleg starfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði. <sup>(31)</sup> Á hinn bóginn teljast einingar, sem stunda ekki efnahagslega starfsemi, í þeirri merkingu að þær bjóða ekki vörur og þjónustu á tilteknum markaði, ekki vera fyrirtæki.

50) Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar, eins og fram kom í ákvörðun 128/13/COL, að bæði bygging og rekstur grunnvirkis teljist efnahagsleg starfsemi í sjálfu sér (og falli því undir ríkisaðstoðarreglur) ef grunnvirkið er, eða verður, notað til að selja vörur eða þjónustu á markaði. <sup>(32)</sup> Í þessu tilviki er Hörpu t.d. ætlað að vera vettvangur fyrir ráðstefnur, svo og tónlistar-, menningar- og „aðra listviðburði“ á viðskiptagrundvelli, þ.e. að veita þjónustu á markaði. Dómstóll Evrópusambandsins („dómstóllinn“) hefur staðfest þetta sjónarmið í málinu *Leipzig/Halle*. <sup>(33)</sup> Þar af

<sup>(27)</sup> Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd, til þess að flokkast sem aðstoð verður öllum skilyrðum í ákvæðinu að vera fullnægt, sjá mál C-142/87 *Belgía gegn framkvæmdastjórn („Tubemeuse“)* [1990] ECR I-959.

<sup>(28)</sup> Sjá 2. gr. gagnsæistilskipunarinnar 2006/111/EB.

<sup>(29)</sup> Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 55/05/COL undirkafla II.3., bls. 19 um nánari tilvísanir, birt í Stjtið. ESB L 324, 23.11.2006, bls. 11, og EES-viðbæti nr. 56, 23.11.2006, bls. 1.

<sup>(30)</sup> Mál C-41/90 *Höfnar og Elser gegn Macroton* [1991] ECR I-1979, 21.–23. mgr. og mál Case E-5/07 *Private Barnehagers Landsförbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2008 bls. 61, 78. mgr.

<sup>(31)</sup> Mál C-222/04 *Ministero dell'Economica e delle Finanze gegn Cassa di Risparmio di Firenze SpA* [2006] ECR I-289, 108. mgr.

<sup>(32)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA 33618 (Svíþjóð) *fjármögnun Uppsala Arena* (Stjtið. ESB C 152, 30.5.2012, bls. 18), 19. málsgrein.

<sup>(33)</sup> Mál C-288/11 P *Mitteldeutsche Flughafen og Flughafen Leipzig-Halle v. framkvæmdastjórn ESB*, 19.12.2012, 40.–43. mgr., óbirt að svo stöddu.

leiðandi, í tilvikum þar sem grunnvirki koma við sögu, getur aðstoð verið veitt á ýmsum stigum: vegna byggingar, reksturs og notkunar á aðstöðu. <sup>(34)</sup>

- 51) Eins og áður hefur komið fram, hýsir Harpa Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna, auk þess sem þar eru haldnir margvíslegur aðrir listviðburðir og ráðstefnur. Stjórnvöld á Íslandi eru þeirrar skoðunar að ráðstefnuhaldið sé eina efnahagslega starfsemi Hörpu. Því skuli öll önnur starfsemi flokkuð undir starfsemi sem er ekki efnahagsleg.
- 52) Hluti starfseminnar sem fram fer í Hörpu, einkum ráðstefnuhald, leiksýningar, tónleikar með vinsælli tónlist, o.s.frv., getur þó laðað að sér talsverðan fjölda viðskiptavina í samkeppni við einkarekin ráðstefnuhús, leikhús eða aðra tónleikastaði. Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA er því að Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa og félagið sem kemur að rekstri þess, að svo miklu leyti sem þau stunda viðskiptastarfsemi, teljist vera fyrirtæki. <sup>(35)</sup>

### 1.3 Ávinningur

- 53) Til þess að ráðstöfunin teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins verður hún að veita aðstoðarþega efnahagslegan ávinning.
- 54) Hvað varðar fjármögnun á byggingu Hörpu, er unnt að útiloka ríkisaðstoð ef hún er í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. <sup>(36)</sup> Stjórnvöld á Íslandi hafa á hinn bóginn andmælt beitingu markaðsfjárfestaprófsins í þessum máli þar að, að þeirra sögn, heildarrekstur Hörpu er ekki viðskiptalegs eðlis. Stjórnvöld á Íslandi halda fram að einkafyrirtæki hefði aldrei reist Hörpu og því sé ekki hægt að bera hana saman við samstæðu einkafyrirtækja. Stjórnvöld á Íslandi eru þannig þeirrar skoðunar að markaðsfjárfestaprófið hafi takmarkað gildi í máli þessu.
- 55) Að því er varðar byggingu Hörpu, höfðu ríkið og Reykjavíkurborg, að sögn stjórnvalda á Íslandi, upphaflega gert sér vonir um að einkafjárfestir myndi fjármagna framkvæmd verkefnisins. Þegar fjármálakreppan dundi yfir reyndist aftur á móti útilokað að halda áfram með verkefnið án opinberrar fjármögnunar. Beinir styrkir frá ríki og Reykjavíkurborg eru því sagðir nauðsynlegir þar eð án þeirra hefðu ekki verið til nægir fjármunir til að fjármagna verkefnið. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að opinber fjármögnun byggingar Hörpu teljist vera efnahagslegur ávinningur og þar af leiðandi aðstoð, þar eð verkefnið hefði vissulega ekki orðið að veruleika án opinberrar fjármögnunar. Aðild ríkisins og Reykjavíkurborgar að Hörpu-verkefninu í heild sinni var því lífsnauðsynleg.
- 56) Það leiðir af ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, þegar eining stundar starfsemi sem er bæði viðskiptalegs eðlis og ekki viðskiptalegs eðlis, verður að vera til staðar kostnaðarbókhald sem tryggir að viðskiptastarfsemin sé ekki fjármögnuð með ríkisfjármunum sem eru settir í starfsemi sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. <sup>(37)</sup> Einnig er mælt fyrir um þessa meginreglu í gagnsæistilskipuninni. Gagnsæistilskipunin gildir ekki beint um málið sem hér um ræðir, þar eð hrein heildarvelta Hörpu undanfarin tvö ár er undir þeim neðri mörkum um veltu sem mælt er fyrir um í stafl. d) í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. <sup>(38)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA er þó þeirrar skoðunar að meginreglur um rekstur efnahagslegrar starfsemi í ágóðaskyni með aðskilið bókhald og skýrar reglur um kostnaðarbókhald sem kveða á um aðskilið bókhald gildi enn.
- 57) Rekstri Hörpu er, eins og fram kemur í undirkafla I.2 hér að framan, skipt í nokkra flokka, þ.e. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna, svo og aðra listviðburði og ráðstefnur. Stjórnvöld á Íslandi tryggðu þó ekki á tilhlýðilegan hátt skýran og samræmdan aðskilnað bókhalds fyrir mismunandi starfsemi Hörpu fyrr en eftir að Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti ákvörðun

<sup>(34)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli Case SA. 33728 (Danmörk) Fjármögnun nýs fjölnotahúss í Kaupmannahöfn (Stjtið. ESB C 152, 30.5.2012, bls. 6), 24. mgr.

<sup>(35)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 293/2008 (Ungverjaland) *Menningaraðstoð fyrir fjölnota menningarmiðstöðvar, söfn, almenningsbókasöfn* (Stjtið. ESB C 66, 20.3.2009, bls. 22) 19. mgr.

<sup>(36)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA. 33728 (Danmörk) *Fjármögnun nýs fjölnotahúss í Kaupmannahöfn* (Stjtið. ESB C 152, 30.5.2012, bls. 6), 25. mgr.

<sup>(37)</sup> Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 343/09/COL um sölu sveitarstjórnarinnar í Time á fasteignum með auðkenninum 1/152, 1/301, 1/630, 4/165, 2/70, 2/32 (Stjtið. ESB L 123, 12.5.2011, bls. 72, og EES-viðbætur nr. 27, 12.5.2011, bls. 1) og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 91/13/COL frá 27. febrúar 2013 um fjármögnun á sorphirðu sveitarfélagsins, 34. mgr., sjá vefslóðina: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/91-13-COL.pdf>.

<sup>(38)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinn fyrirtækja (Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17), felld inn í XV. viðauka EES-samningsins undir lið 1a.

128/13/COL. Samkvæmt EES-rétti telst það ekki vera skýr aðgreining bókhalds að skipta einfaldlega tapi af rekstri byggingarinnar og sameiginlegum stjórnunarkostnaði milli mismunandi eininga Hörpu á grundvelli áætlaðrar notkunar og annarra viðmiðana, eins og gert var fyrstu árin í rekstri Hörpu. Þessi staða hefði því getað leitt til vixlniðurgreiðslu milli menningarstarfsemi og efnahagslegrar starfsemi í Hörpu.

- 58) Stjórnvöld á Íslandi hafa, eins og greint er frá í undirkafla I.4, innleitt tilteknar ráðstafanir í því skyni að aðskilja bókhald viðskiptastarfsemi í Hörpu frá bókhaldi þeirrar starfsemi sem er ekki rekin í hagnaðarskyni. <sup>(39)</sup> Ráðstafanirnar fela m.a. í sér nýja aðferð við skiptingu kostnaðar og tekna og að halda aðskilið bókhald fyrir ráðstefnudeild Hörpu. Þótt þetta nýja fyrirkomulag dragi úr þeim ávinningi sem félög sem koma að rekstri Hörpu njóta þannig að hann verði ekki meiri en nauðsynlegt er til að tryggja rekstur grunnvirkisins, er ekki unnt að útiloka með öllu að ráðstefnudeildin njóti ávinnings.
- 59) Að auki njóta þau félög sem koma að rekstri Hörpu ávinnings þegar ríkið og Reykjavíkurborg afsala sér ávöxtun á fjárfestingu sinni í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu, að svo miklu leyti sem þau stunda viðskiptastarfsemi, eins og ráðstefnuhald. Sérhver eigandi fyrirtækis eða fjárfestir gerir að jafnaði kröfu um ávöxtun af fjárfestingu sinni í viðskiptafyrirtæki. Slík krafa er í raun útgjöld fyrir fyrirtækið. Sé ekki gerð krafa um að fyrirtæki í ríkiseigu skili eiganda sínum eðlilegri ávöxtun þýðir það í raun að fyrirtækið njóti ávinnings hvenær sem eigandinn afsalar sér hagnaði. <sup>(40)</sup>

#### 1.4 Ávinningur metinn með hliðsjón af *Altmark*-málinu

- 60) Stjórnvöld á Íslandi álíta að fjármögnun byggingar og rekstrar Hörpu skuli teljast fjármögnun þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu og að viðmiðununum fjórum í „*Altmark*-prófinu“ sé fullnægt þannig að ráðstöfunin teljist ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 61) Dómur Evrópudómstólsins í *Altmark*-málinu veitir nánari útlistun á þeim skilyrðum þar sem endurgjald fyrir almannaþjónustu telst ekki vera ríkisaðstoð vegna þess að ekki kemur neinn ávinningur við sögu. <sup>(41)</sup> En til þess að slíkt endurgjald verði ekki skilgreint sem ríkisaðstoð í tilteknu máli, verður að fullnægja fjórum skilyrðum sem gjarna er vísað til sem *Altmark*-viðmiðananna. <sup>(42)</sup>
- 62) Skilyrðin fjögur eru sem hér segir: i) fela verður viðtakanda aðstoðar úr opinberu fjármögnunarkerfi þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, formlega að veita og inna af hendi þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu sem verður að hafa skýrt skilgreindar skuldbindingar, ii) ákvarða verður breyturnar fyrir útreikning á endurgjaldinu fyrir fram á hlutlægan og gagnsæjan hátt til að koma í veg fyrir að endurgjaldið veiti viðtökufyrirtækinu efnahagslegan ávinning umfram keppinautana, iii) endurgjaldið má ekki vera hærra en það sem nauðsynlegt er til að standa undir öllum kostnaði, eða hluta hans, sem fellur til við að veita þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar við að inna þessar skuldbindingar af hendi, og iv) fari svo að aðstoðarþegi sé ekki valinn samkvæmt málmeðferð um opinber útboð, verður að ákvarða endurgjaldið á grundvelli greiningar á kostnaði sem dæmigert, vel rekið fyrirtæki yrði að standa straum af við að inna af hendi þær skuldbindingar, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar.
- 63) EES-ríki hafa að jafnaði talsvert svigrúm við að skilgreina þjónustu sem þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu en fylgja jafnframt viðeigandi dómaframkvæmd sem setur almennar meginreglur sem ber að virða. Í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins kemur fram að fyrirtæki, sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna, efnahagslega þýðingu, eru þau fyrirtæki sem hafa með höndum „sérstök verkefni“. <sup>(43)</sup>

<sup>(39)</sup> Það er skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA að þessar ráðstafanir komi fram í ársreikningi Hörpu fyrir 2013.

<sup>(40)</sup> Mál C-234/84 *Belgia* gegn *framkvæmdastjórn* [1986] ECR I-2263, 14. mgr.

<sup>(41)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH* og *Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, [2003] ECR I-7747.

<sup>(42)</sup> Sjá 87.–93. mgr. dómsins, sem vísað er til hér á undan.

<sup>(43)</sup> Sjá t.d. mál C-127/73 *BRT* gegn *SABAM* [1974] ECR-313, 19.–20. mgr.

- 64) Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart greiðslum fyrir þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, <sup>(44)</sup> kemur fram að almannaðjónustuverkefnið verði að veita samkvæmt gerð sem getur verið í formi lagagernings eða reglugerðar eða samnings, eftir því hvernig löggjöf EFTA-ríkjanna er. Einnig kann að vera mælt fyrir um það í nokkrum gerðum. Á grundvelli nálgunar framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA í slíkum tilvikum, verður gerðin eða gerðirnar að minnsta kosti að tilgreina:
- a) í hverju almannaðjónustukvaðirnar eru nákvæmlega fölgjar og hversu lengi þær gilda,
  - b) fyrirtækið og, ef við á, viðkomandi yfirráðasvæði,
  - c) eðli einkaréttar eða sérstakra réttinda sem viðkomandi yfirvald framselur fyrirtækinu,
  - d) við hvaða forsendur er stuðst við útreikning, yfirferð og endurskoðun endurgjaldsins, og
  - e) hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og tryggja endurheimtu ofgreidds endurgjalds.
- 65) Almannaþjónustukvaðir Hörpu eru, að sögn stjórnvalda á Íslandi, skýrt skilgreindar í stefnu eigendanna. Í eigendastefnunni kemur fram að tilgangurinn með Hörpu sé i) að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf á Íslandi, ii) að styrkja stöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ráðstefnur, iii) að styrkja stöðu ferðaþjónustunnar á Íslandi og iv) að stuðla að öfluglu mannlífi í miðborg Reykjavíkur. Enn fremur kemur fram í eigendastefnunni að rekstur Hörpu skuli standa undir sér þannig að ekki þurfi að koma til frekari opinberra framlaga til Hörpu en kveðið er á um í verkefnissamningnum. Í eigendastefnunni er aftur á móti hvorki fjallað um gildistíma almannaðjónustukvaðanna né er þar getið við hvaða forsendur skuli stuðst við útreikning, yfirferð og endurskoðun endurgjaldsins eða lýst hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og tryggja endurheimtu ofgreidds endurgjalds. Því er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að *Altmark*-viðmiðuninni sé ekki fullnægt.
- 66) Enn fremur var í verkefnissamningnum gert ráð fyrir að ríkið og Reykjavíkurborg myndu reiða af hendi fasta árlega fjárhæð (595.000.000 króna) sem skyldi breytt á hverjum greiðsludegi til samræmis við vísitölu neysluverðs. Harpa hefur þó, fjárhagsstöðu sinnar vegna, fengið umtalsverð tímabundin fjárfrahlög frá eigendum sínum, auk þess sem ráðstafanir hafa verið gerðir til að umbreyta lánunum. <sup>(45)</sup> Endurgjaldið fyrir meinta almannaðjónustukvöð virðist því ekki hafa verið ákveðið fyrir fram á hlutlægan og gagnsæjan hátt, þvert á það sem stjórnvöld á Íslandi halda fram. Að auki getur ógagnsætt eðli aðstoðarinnar (greiðsla árslegs halla á rekstri Hörpu, hugsanlegar vixlniðurgreiðslur og það vinnulag að krefjast ekki hæfilegs arðs af fjárfestingunni), aðeins orðið til þess að Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki tryggt nægilega að endurgjaldið yrði ekki hærra en nauðsyn krefur.
- 67) Loks bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að rekstraraðili Hörpu hafi ekki verið valinn með opinberu útboði og að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki afhent Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar sem gera kleift að sannreyna hvort kostnaður Hörpu sé sambærilegur þeim kostnaði sem dæmigert fyrirtæki, vel rekið og með viðunandi tækjakost, hefði stofnað til, eins og krafa er gerð um í fjórðu *Altmark*-viðmiðuninni.
- 68) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, að fjármögnun Hörpu fullnægi ekki öllum *Altmark*-viðmiðununum og því sé ekki unnt að flokka hana sem fjármögnun á þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

### 1.5 Hversu sértæk er ráðstöfunin?

- 69) Til þess að ráðstöfunin teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera sértæk.
- 70) Stjórnvöld á Íslandi leggja fram fé til fjármögnunar á félögunum sem koma að rekstri Hörpu. Fjármagnið er notað til að standa straum af halla á starfsemi innan Hörpu, þar með talið efnahagslegri

<sup>(44)</sup> Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart greiðslum fyrir þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 12, og EES-viðbætur nr. 34, 13.6.2013, bls. 1), er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.efitasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-VI---Compensation-granted-for-the-provision-of-services-of-general-economic-interest.pdf>.

<sup>(45)</sup> Umbreyting lána í hlutfé.

starfsemi eins og ráðstefnuhaldi. Þessi háttur við greiðslu endurgjalds, þar sem víxlniðurgreiðslur kunna að koma fyrir, stendur öðrum fyrirtækjum, sem starfa á ráðstefnumarkaði á Íslandi eða annars staðar, ekki til boða.

- 71) Með hliðsjón af því sem að framan greinir, er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að fyrirtækin sem koma að rekstri Hörpu fái sértækan, efnahagslegan ávinning samanborið við keppinauta þeirra á markaði.

### 1.6 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

- 72) Loks verður ráðstöfunin að vera líkleg til að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum til þess að hún teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 73) Samkvæmt viðtekinni dómafrákvæmd er nægilegt eitt og sér að ráðstöfun styrki stöðu fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki sem keppa í viðskiptum milli EES-ríkja til þess að komist sé að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sé líkleg til að hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum og raska samkeppni milli fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðrum EES-ríkjum. <sup>(46)</sup> Ríkisfjármunir, sem veitt er til fyrirtækjanna sem koma að rekstri Hörpu til þess að standa straum af hallarekstri þeirra, er ávinningur sem styrkir stöðu Hörpu samanborið við önnur fyrirtæki sem starfa á sama markaði.
- 74) Jafnvel þótt starfseminni sem fram fer í Hörpu sé að mestu leyti beint að innanlandsmarkaði, er einnig unnt að halda þar bæði stóra og meðalstóra alþjóðlega viðburði, og því er ekki unnt að útiloka áhrif á samkeppni og viðskipti milli aðila að EES-samningnum. <sup>(47)</sup> Stjórnvöld á Íslandi halda fram að fremur ólíklegt sé að meira en örfáir, ef nokkrir, þeirra viðburða sem fara fram í Hörpu vekji svo mikinn áhuga hjá einstaklingum sem búa í nágrenni löndunum að þeir myndu leggja á sig að ferðast alla leið til Reykjavíkur til þess að sækja viðburði og því væri ólíklegt að viðburðir í Hörpu myndu keppa við sambærilega staði í nærliggjandi löndum.
- 75) Þar eð á markaði fyrir skipulagningu alþjóðlegra viðburða ríkir samkeppni milli leigusala og skipuleggjenda viðburða, sem að jafnaði stunda starfsemi sem felur í sér viðskipti milli EES-ríkja, má þó gera ráð fyrir áhrifum á viðskipti. Í þessu tilviki eru áhrifin á viðskipti milli tiltekinna nágrennaríkja innan EES jafnvel enn líklegri vegna eðlis ráðstefnuhalds. Almenni dómstóllinn hélt því enn fremur fram í nýlegum úrskurði sínum varðandi Ahoy-byggingarnar í Hollandi að engin ástæða væri til að takmarka markaðinn við yfirráðasvæði þess aðildarríkis ESB. <sup>(48)</sup>
- 76) Eftirlitsstofnun EFTA telur því, eins og í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn, að aðstoðin við Hörpu hafi alla burði til að hafa áhrif á samkeppni og viðskipti milli EES-ríkja.

### 1.7 Niðurstaða um það hvort um ríkisaðstoð sé að ræða

- 77) Með vísan til þess sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sem er til athugunar, þ.e. fjármögnun Hörpu, feli sér ríkisaðstoðarþætti í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt skilyrðunum, sem vísað er til hér að framan, er því nauðsynlegt að huga að hvort ráðstöfunin geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

## 2. Málsmeðferð

- 78) Í 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir svo: „Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.“
- 79) Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu aðstoðarráðstafanirnar ekki til Eftirlitsstofnunar EFTA. Að auki hafa stjórnvöld á Íslandi, með því að reisa og reka Hörpu, hrint þessum ráðstöfunum í framkvæmd

<sup>(46)</sup> Mál E-6/98 *Stjórnvöld í Noregi gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, skýrsla EFTA-dómstólsins 1999, bls. 76, 59. mgr.; mál 730/79 *Philip Morris gegn framkvæmdastjórn* [1980] ECR 2671, 11. mgr.

<sup>(47)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA 33618 (Svíþjóð) *Fjármögnun Uppsala Arena* frá 2.5.2013 (óbert að svo stöddu), 45. málsgrein.

<sup>(48)</sup> Mál T-90/09 *Mojo Concerts BV og Amsterdam Music Dome Exploitatie BV gegn framkvæmdastjórn*, úrskurður almenna dómstólsins frá 26.1.2012, 45. mgr., birt í Stjtið. ESB C 89, 24.3.2012, bls. 36.



áður en Eftirlitsstofnunar EFTA samþykkti lokaákvörðun. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki virt skuldbindingar sínar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Öll veitt aðstoð er því ólögmat.

### 3. Mat á því hvort aðstoð samrýmist gildandi reglum

- 80) Stuðningsráðstafanir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eru í almennum atriðum ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins, nema þær fullnægi skilyrðum fyrir undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 61. gr. eða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og séu nauðsynlegar, hæfilegar og valdi ekki ótilhlýðilegri röskun á samkeppni. Stjórnvöld á Íslandi halda fram að öll aðstoð vegna verkefnisins sé samrýmanleg 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 81) Í EES-samningnum er ekki að finna ákvæði sem svarar til stafl. d) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir eigi að síður að hugsanlegt sé að heimila slíka aðstoð á menningarforsendum á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. <sup>(49)</sup>
- 82) Á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er heimilt að líta svo á að aðstoð við menningarstarf og varðveislu menningararfleifðar samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni á EES-svæðinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Eftirlitsstofnun EFTA verður því að meta hvort unnt sé að réttlæta aðstoð við margvíslega starfsemi í Hörpu sem aðstoð til að efla menningu á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 83) Þess ber að geta að meginreglunum sem mælt er fyrir um í stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins hefur verið beitt í tilvikum sem eru að sumu leyti sambætileg þessu. <sup>(50)</sup> Stjórnvöld á Íslandi hafa sagt að meginmarkmið umræddrar ráðstöfunar hafi verið að stuðla að menningarstarfsemi með byggingu tónleikahúss sem rúmaði bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna. Sambærilegar fjölnota menningarmiðstöðvar er þegar að finna í flestum öðrum evrópskum borgum. Hörpu er ætlað að vera tónlistarhús íslensku þjóðarinnar og bjóði upp á nauðsynlega menningarlega innviði sem voru ekki fyrir hendi á Íslandi og hún mun verða miðstöð þróunar og uppgangs þessara sviðslista á Íslandi. Harpa stuðlar því að þróun á menningarþekkingu og veitir almenningi aðgang að gildum á sviði menningar, menntunar og afþreyingar. <sup>(51)</sup>
- 84) Með hliðsjón af því sem að framan greinir, telur Eftirlitsstofnun EFTA að, miðað við menningarlegan tilgang Hörpu, myndi bygging og rekstur aðstöðu fyrir sinfóníuhljómsveitina og óperuna teljast vera aðstoð til að efla menningu í skilningi stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA telur þó vafa leika á því hvort aðstoð sem veitt er til að niðurgreiða ráðstefnuhald teljist réttlæt看leg samkvæmt stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og því verður að meta það mál sérstaklega.
- 85) Að því er varðar nauðsyn aðstoðar, hvort hún sé hæfileg og hvort ráðstöfunin sé líkleg til að raska samkeppni, gerir Eftirlitsstofnun EFTA eftirfarandi athugasemdir: eins og áður hefur komið fram var helsta ástæðan fyrir því að reisa Hörpu augljós þörf fyrir viðeigandi tónleikahús til að hýsa bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna. Vegna umfangs verkefnisins er skiljanlegt að grunnvirki á borð við Hörpu yrði einnig notað til að hýsa margvíslega viðskiptastarfsemi, eins og veitingastaði, kaffihús, verslanir, ráðstefnur og tónleika fyrir almenning. Hins vegar verður, til að raska ekki samkeppni, að tryggja að ekki komi til víxlنيðurgreiðslu milli viðskiptastarfsemi og mikið niðurgreiddrar menningarstarfsemi.
- 86) Eftirlitsstofnun EFTA gerði í ákvörðun 128/13/COL grein fyrir þremur aðferðum sem stjórnvöld á Íslandi gætu notað til að tryggja að ekki yrði um að ræða víxlنيðurgreiðslu milli viðskiptastarfseminnar og menningarstarfseminnar í Hörpu. <sup>(52)</sup> Í fyrsta lagi benti Eftirlitsstofnun EFTA á að

<sup>(49)</sup> Sjá t.d. 7. mgr. (um fleiri tilvísanir) leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til framleiðslu kvikmynda og annarra hljóð- og myndverka, sem er að finna á vefsíðu stofnunarinnar: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

<sup>(50)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 122/2010 (Ungverjaland) Ríkisaðstoð við Menningarhöllina Dóná (Stjtið. ESB C 147, 18.05.2011, bls. 3) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 293/2008 (Ungverjaland) *Menningarástoð fyrir fjölnota menningarmiðstöðvar, söfn, almenningsbókasöfn* (Stjtið. ESB C 66, 20.3.2009, bls. 22).

<sup>(51)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA 33241 (Kýpur) *Ríkisaðstoð við Menningarmiðstöð Kýpur* (Stjtið. ESB C 377, 23.12.2011, bls. 11), 36.–39. mgr.

<sup>(52)</sup> Sjá 64. mgr. ákvörðunarinnar.

unnt væri að ná þessu markmiði með því að bjóða út aðstöðuna sem ætluð væri undir viðskiptastarfsemi og tryggja þar með að rekstraraðilinn greiddi markaðsverð fyrir aðstöðuna og nyti ekki ávinnings af víxlniðurgreiðslu. Í öðru lagi hefðu stjórnvöld á Íslandi getað stofnað sérstakan lögaðila undir viðskiptastarfseminna. Þriðji valkosturinn sem Eftirlitsstofnun EFTA gerði grein fyrir í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn var sá að skilja nægilega vel á milli atvinnustarfseminnar og þeirrar starfsemi sem ekki væri rekin í hagnaðarskyni með því að koma á fót kerfi fyrir kostnaðarskiptingu og aðskilið bókhald sem tryggði hæfilegan arð af fjárfestingu.

- 87) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt á það áherslu að tiltekinn sveigjanleiki þyrfti að vera í rekstri Hörpu þar eð bæði menningarviðburðir og ráðstefnuhald yrðu að lifa í sátt og samlyndi og að í mörgum tilvikum myndi koma til árekstra milli þessarar helstu starfsemi, nema eftirlit og skipulagning færu fram á mjög samræmdan hátt. Það myndi því auka stjórnsýslubyrði og leiða til frekari takmarkana og kostnaðar fyrir rekstur Hörpu, sem var þó erfiður fyrir, að kalla til sögunnar nýjan rekstraraðila, annaðhvort einkaaðila eða sérstaka einingu í opinberri eigu. Stjórnvöld á Íslandi komust því að þeirri niðurstöðu, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra Hörpu, að þriðji valkosturinn, þ.e. aðskilnaður atvinnustarfseminnar og starfseminnar sem ekki væri rekin í hagnaðarskyni og með því að koma á fót kerfi fyrir kostnaðarskiptingu og aðskilið bókhald væri skynsamlegastur með hliðsjón af þeim kringumstæðum sem lýst er hér að framan.
- 88) Eins og áður hefur verið bent á er með aðskildu bókhaldi og nýrri kostnaðar- og tekjuskiptingaraðferð, sem eigendur Hörpu hafa innleitt, höfð hliðsjón af leiðsögn í „gagnsæistilskipuninni“. Sérstakt bókhald (deildaskipt) er haldið fyrir alla menningarstarfsemi og leigjendur, svo og rekstur ráðstefnuhalds, og þar með er tryggt að eigið bókhald sé haldið fyrir mismunandi starfsemi. Að auki hafa stjórnvöld á Íslandi tryggt að tiltekinn hluti fasts og sameiginlegs kostnaðar Hörpu skiptist milli einstakra rekstrardeilda, á grundvelli raunverulegrar notkunar og viðskiptastarfsemi. Að auki verður ráðstefnudeildinni gert að greiða markaðsverð fyrir leigu á skrifstofuaðstöðu og annarri aðstöðu. <sup>(53)</sup> Ráðstafanirnar sem stjórnvöld á Íslandi hrintu í framkvæmd tryggja í raun að ekki verður um að ræða víxlniðurgreiðslu milli viðskiptastarfseminnar og menningarstarfseminnar í Hörpu.
- 89) Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2013 er áætlað að ráðstefnudeildin skili litlum hagnaði, eða 9.574.000 króna. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að hagnaðurinn hafi aukist og verði 23 milljónir króna. Nýja líkanið fyrir skiptingu kostnaðar og tekna sýnir því að viðskiptalegi hlutinn muni smám saman skila meiri hagnaði og skila eigendum Hörpu ávöxtun á fjárfestingu sína á næstu tveimur til þremur árum.
- 90) Að því er varðar hallann á ráðstefnudeildinni á fyrstu rekstrarárum Hörpu, fellst Eftirlitsstofnun EFTA á að skiljanlegt sé að fjárfesting á borð við Hörpu, eins og önnur stór fjárfestingarverkefni, skili ekki hagnaði fyrstu rekstrarárin. Þannig sé unnt að líta á það sem nauðsynlegan byrjunarkostnað, og þar með í samræmi við markaðsfjárfestaregluna, að ríkið standi straum af rekstrarhallanum fyrstu ár viðskiptastarfseminnar. Enn fremur virðist sem aðskilið bókhald og nýja kostnaðar- og tekjuskiptingaraðferðin gefi til kynna að hið mikla tap á viðskiptastarfsemi Hörpu, sem Eftirlitsstofnun EFTA mat í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn, neikvæð EBITDA upp á 120 milljónir króna fyrir árið 2012, hafi ekki endilega endurspeglad raunverulega fjárhagsstöðu ráðstefnudeildarinnar.
- 91) Stjórnvöld á Íslandi hafa jafnframt sýnt að Harpa muni verða bæði viðbót við þá aðstöðu sem þegar er til staðar og fjölga þeim tegundum viðburða, bæði menningarviðburðum og viðskiptatengdum viðburðum, sem unnt verði að halda í Reykjavík og sem þróun menningar og allur almenningur í landinu muni njóta góðs af. Aðstoð verður því að teljast markviss og opinber fjármögnun hennar réttlætt.
- 92) Þegar staðsetning Hörpu er að auki höfð í huga og þar sem mestallri starfsemi sem þar fer fram er beint að innanlandsmarkaði, eru áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum takmörkuð, þó svo ekki sé unnt að útiloka þau, eins og lýst er hér að framan. <sup>(54)</sup>

<sup>(53)</sup> Markaðsverð leigunnar og endurgjaldið fyrir notkun á sameiginlegri þjónustu voru ákveðin með því að bera saman við það verð sem einkaaðilar myndu gera kröfu um við sambærilegar aðstæður.

<sup>(54)</sup> Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA 33618 (Svíþjóð) *Fjármögnun Uppsala Arena* frá 2.5.2013 [óbirt að svo stöddu], 59. málsgrein.

- 93) Af framangreindum ástæðum hefur verið sýnt fram á að aðkoma ríkisins og Reykjavíkurborgar að fjármögnun Hörpu sé bæði nauðsynleg, hæfileg og valdi ekki ótilhlýðilegri röskun á samkeppni. Þá hefur stjórnvöldum á Íslandi tekist, með fullum aðskilnaði bókhalds fyrir viðskiptastarfsemi Hörpu og starfsemina sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, að tryggja að ekki séu fyrir hendi nein neikvæð smitáhrif vegna framlaga þeirra til menningarþáttarins í rekstri Hörpu. Fjármögnun Hörpu er því samrýmanleg ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins.

#### 4. Niðurstaða

- 94) Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af framangreindu, að fjármögnun Hörpu teljist ríkisaðstoð sem er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. hans.
- 95) Stjórnvöld á Íslandi eru minnt á að tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA öll áform um breytingar á fjármögnun Hörpu, m.a. allar hækkanir á styrkjum frá ríki og Reykjavíkurborg sem eru meira en 20%.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Fjármögnun Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 11. desember 2013

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes  
*Forseti*

Sverrir Haukur Gunnlaugsson  
*Stjórnarmaður*

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2014/EES/34/02

91/14/COL

frá 26. febrúar 2014

um norskt byggðakort 2014–2020

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum ákvæða 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**1. Málmeðferð**

- 1) Stjórnvöld í Noregi tilkynntu, með bréfi frá 31. janúar 2014, byggðakort sem gildir frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020 („byggðakortið“) samkvæmt 156. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir árin 2014 til 2020. <sup>(1)</sup> Í leiðbeinandi reglum þessum er gerð krafa um að EFTA-ríki, sem hyggjast veita byggðaaðstoð, tilkynni byggðakort.
- 2) Ákvörðun þessi felur í sér mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort byggðakortið samrýmist leiðbeinandi reglum um landsbundna ríkisaðstoð í samræmi við 157. mgr. þessara leiðbeinandi reglna. Byggðakortið merkir ekki eitt og sér að veitt hafi verið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þótt Eftirlitsstofnun EFTA fallist á byggðakortið jafngildir það ekki leyfi til að veita aðstoð. Samþykkt byggðakortsins setur, ásamt landsbundnum reglum um ríkisaðstoð, ramma fyrir veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar. Í því tilliti er byggðakortið óaðskiljanlegur hluti leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. <sup>(2)</sup>

**2. Svæði sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt strjálbýlisskilyrðinu****2.1 Inngangur**

- 3) Stjórnvöld í Noregi hafa aðeins tilkynnt svæði sem eiga rétt á undanþágu frá stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þar eð verg landsframleiðsla á mann er tiltölulega mikil getur ekkert norskt svæði notið undanþágu samkvæmt stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. <sup>(3)</sup>
- 4) Hagskýrslusvæði á 3. stigi í Noregi svara til fylkja og hagskýrslusvæði á 5. stigi svara til sveitarfélaga.
- 5) Í Noregi eru nú 19 fylki og 428 sveitarfélög.
- 6) Í Noregi eru átta fylki þar sem þéttleiki byggðar er minni en 12, íbúar á ferkílómetra.<sup>(4)</sup> Þau eru eftirfarandi:
  1. Finnmark,
  2. Tromsfylki,
  3. Norðurland,
  4. Norður-Þrændalög,
  5. Sogn- og Firðafylki,

<sup>(1)</sup> Samþykkt með ákvörðun 407/13/COL frá 23. október 2013, biður birtingar.

<sup>(2)</sup> 157. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

<sup>(3)</sup> Ákvæði stafl. a) í 142. mgr. og 143.–144. mgr.

<sup>(4)</sup> 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Stjórnvöld í Noregi hafa notað mannfjöldaupplýsingar frá 31. desember 2010, í samræmi við 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, 47. neðanmálsgrein.

6. Heiðmörk,  
7. Uppland og  
8. Þelamörk.
- 7) Heildaríbúafjöldi í þessum átta fylkjum er 1 255 027 <sup>(5)</sup>, sem svarar til 25,51% íbúa Noregs. Íbúahlutfall fyrir Noreg að því er varðar viðkomandi tímabil er þar af leiðandi 25,51%. <sup>(6)</sup>

## 2.2 Sveigjanleg nálgun sem er heimil samkvæmt 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð

### 2.2.1 Fjögur fylki talin með í heild sinni

- 8) Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt að fjögur eftirtalin fylki eigi í heild sinni rétt á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð:
1. Finnmark,
  2. Tromsfylki,
  3. Norðurland og
  4. Sogn- og Firðafylki.

### 2.2.1 Fylki talin með að hluta

- 9) Fylkin fjögur sem eftir standa falla aðeins að hluta undir byggðakortið. Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að fylki landsins séu mjög frábrugðin hvert öðru. Í sumum fylkjunum eru svæði þar sem þéttleiki byggðar er mikill og atvinnustarfsemi í blóma, svo og svæði þar sem þéttleiki byggðar er lítil og íbúum fer fækkandi. Þetta gildir bæði um fylki þar sem þéttleiki byggðar er meiri og minni en 12,5 íbúar á ferkílómetra. Af þessari ástæðu halda stjórnvöld í Noregi því fram að svæði, sem nýtur einungis aðstoðar á grundvelli þess að vera á hagskýrslusvæði á 3. stigi, myndi ekki endurspeglja þau brýnu viðfangsefni sem Noregur glímir við á tilteknum svæðum. Stjórnvöld í Noregi hafa því beitt þeirri sveigjanlegu nálgun sem kemur fram í 149. gr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð þegar þau huga að afmörkun svæða sem eiga rétt á byggðaaðstoð.

### 2.2.2 Sveitarfélög sem hafa verið tekin út af byggðakorti

- 10) Í töflu 1 hér að neðan er að finna yfirlit yfir sveitarfélög í fylkjum þar sem þéttleiki byggðar er lítil og falla ekki undir byggðakortið („sveitarfélög sem hafa verið tekin út“).

Tafla 1

Fylki	Sveitarfélög	Þéttleiki byggðar
Norður-Þrændalög	Stjørdal, Levanger.	26,5
Heiðmörk	Elverum, Stange, Løten, Ringsaker, Hamar.	29,4
Upplönd	Gran, Lunner, Jevnaker, Østre Toten, Gjøvik, Lillehammer.	36,6
Þelamörk	Bamble, Siljan, Skien, Porsgrunn.	75,9

- 11) Heildaríbúafjöldi þessara sveitarfélaga, sem hafa verið tekin út, er 350 555.

### 2.2.3 Sveitarfélög sem hafa verið sett inn á byggðakort

- 12) Í töflu 2 hér að neðan er að finna yfirlit yfir sveitarfélög í fylkjum þar sem þéttleiki byggðar er mikill og falla undir byggðakortið („sveitarfélög sem hafa verið sett inn“).

<sup>(5)</sup> Mannfjöldatölurnar sem hér koma fram endurspeglja upplýsingar úr tilkynningu stjórnvalda í Noregi.

<sup>(6)</sup> 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Í samræmi við 140 mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, er íbúafjöldi á svæðum, sem njóta aðstoðar, lægri en á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar (heildaríbúafjöldi á svæðum, sem njóta ekki aðstoðar, er 3 666 831).

Tafla 2

Fylki	Sveitarfélög	Béttleiki byggðar
Suður-Þrándalög	Tydal, Selbu, Midtre Gauldal, Holtálen, Røros, Meldal, Rennebu, Oppdal, Osen, Roan, Åfjord, Bjugn, Rissa, Agdenes, Ørland, Frøya, Hitra, Snillfjord, Hemne.	4,4
Mæri og Raumsdalur	Aure, Smøla, Halsá, Rindal, Surnadal, Sunndal, Tingvoll, Gjemnes, Averøy, Eide, Sandøy, Midsund, Nettet, Rauma, Vestnes, Haram, Stordal, Standa, Norddal, Ørsta, Volda, Sande, Vanylven.	7,8
Hörðaland	Masfjorden, Fedje, Modalen, Vaksdal, Samnanger, Kvam, Voss, Granvin, Ulvik, Eidfjord, Ullensvang, Odda, Jondal, Kvinnherad, Tysnes, Fitjar, Etne.	6
Rogaland	Utsira, Kvitsoy, Sauda, Suldal, Hjelmeland, Lund, Sokndal.	5
Vestur-Agðir	Sirdal, Kvinesdal, Hægebostad, Audnedal, Åseral, Marnardal, Flekkefjord, Farsund.	6,7
Austur-Agðir	Risør, Gjerstad, Vegårshei, Tvedestrand, Åmli, Evje og Hornnes, Bygland, Valle, Bykle.	4,3
Buskerud	Nore og Uvdal, Rollag, Krødsherad, Sigdal, Hol, Ål, Hemsedal, Gol, Nes, Flå.	3,2
Austfold	Rømskog, Marker, Aremark.	6,9

13) Heildaríbúafjöldi svæðanna, sem hafa verið sett inn, er 349 002.

### 2.3 Yfirlit yfir sveitarfélög sem falla undir hið tilkynnta byggðakort

14) Í töflu 3 hér að neðan er að finna yfirlit yfir öll sveitarfélög sem falla undir byggðakortið.

Tafla 3

Fylki	Sveitarfélög
Finnmörk	Sør-Varanger, Båtsfjord, Unjárga – Nesseby, Deatnu – Tana, Berlevåg, Gamvik, Lebesby, Kárásjohka – Karasjok, Porsángu – Porsanki – Porsanger, Nordkapp, Måsøy, Kvalsund, Hasvik, Loppa, Alta, Guovdageaindu – Kautokeino, Hammerfest, Vadsø, Vardø.
Tromsfylki	Kvænangen, Nordreisa, Skjervøy, Gáivuotna – Kåfjord, Storfjord, Lyngen, Karlsøy, Balsfjord, Lenvik, Berg, Torsken, Tranøy, Dyroy, Sørreisa, Målselv, Salangen, Bardu, Lavangen, Gratangen, Ibestad, Skånland, Kvæfjord, Tromsø, Harstad.
Norðurland	Moskenes, Andøy, Sortland, Øksnes, Bø, Hadsel, Vågan, Vestvågøy, Flakstad, Værøy, Røst, Ballangen, Evenes, Tjeldsund, Lødingen, Tysfjord, Hamarøy, Steigen, Sørfold, Fauske, Saltdal, Beiarn, Gildeskål, Meløy, Rødøy, Træna, Lurøy, Rana, Hemnes, Nesna, Dønna, Hattfjell, Grane, Vefsn, Leirfjord, Alstahaug, Herøy, Vevelstad, Vega, Brønnøy, Sømna, Bindal, Narvik, Bodø.
Norður-Þrándalög	Leka, Nærøy, Vikna, Flatanger, Fosnes, Overhalla, Høylandet, Grong, Namsskogan, Røyrvik, Lierne, Snåsa, Inderøy, Namdalseid, Verran, Verdal, Leksvik, Frosta, Meråker, Namsos, Steinkjer.
Suður-Þrándalög	Tydal, Selbu, Midtre Gauldal, Holtálen, Røros, Meldal, Rennebu, Oppdal, Osen, Roan, Åfjord, Bjugn, Rissa, Agdenes, Ørland, Frøya, Hitra, Snillfjord, Hemne.
Mæri og Raumsdalur	Aure, Smøla, Halsá, Rindal, Surnadal, Sunndal, Tingvoll, Gjemnes, Averøy, Eide, Sandøy, Midsund, Nettet, Rauma, Vestnes, Haram, Stordal, Stranda, Norddal, Ørsta, Volda, Sande, Vanylven.
Sogn- og Firðafylki	Flora, Gulen, Solund, Hyllestad, Høyanger, Vik, Balestrand, Leikanger, Sogndal, Aurland, Lærdal, Årdal, Luster, Askvoll, Fjaler, Gaular, Jølster, Førde, Naustdal, Bremanger, Vågsøy, Selje, Eid, Hornindal, Gloppen, Stryn.
Hörðaland	Masfjorden, Fedje, Modalen, Vaksdal, Samnanger, Kvam, Voss, Granvin, Ulvik, Eidfjord, Ullensvang, Odda, Jondal, Kvinnherad, Tysnes, Fitjar, Etne.

Fylki	Sveitarfélög
Rogaland	Utsira, Kvitsoy, Sauda, Suldal, Hjelmeland, Lund, Sokndal.
Vestur-Agðir	Sirdal, Kvinesdal, Hægebostad, Audnedal, Åseral, Marnardal, Flekkefjord, Farsund.
Austur-Agðir	Risør, Gjerstad, Vegårshei, Tvedestrand, Åmli, Evje og Hornnes, Bygland, Valle, Bykle.
Belamörk	Notodden, Kragerø, Drangedal, Nome, Bø, Sauherad, Tinn, Hjartdal, Seljord, Kviteseid, Nissedal, Fyresdal, Tokke, Vinje.
Buskerud	Nore og Uvdal, Rollag, Krødsherad, Sigdal, Hol, Ål, Hemsedal, Gol, Nes, Flå.
Upplönd	Dovre, Lesja, Sják, Lom, Vågå, Nord-Fron, Sel, Sør-Fron, Ringebu, Øyer, Gausdal, Vestre Toten, Søndre Land, Nordre Land, Sør-Aurdal, Etnedal, Nord-Aurdal, Vestre Slidre, Øystre Slidre, Vang.
Heiðmörk	Kongsvinger, Nord-Odal, Sør-Odal, Eidskog, Grue, Åsnes, Våler, Trysil, Åmot, Stor-Elvdal, Rendalen, Engerdal, Tolga, Tynset, Alvdal, Folldal, Os.
Austfold	Rømskog, Marker, Aremark.

- 15) Heildarfjöldi sveitarfélaga, sem falla undir byggðakortið, er 281.

#### 2.4 Mat á hinni sveigjanlegu nálgun

- 16) Í 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð eru gerðar þrenns konar kröfur sem verður að fullnægja til þess að svæði í fylkjum, þar sem þéttleiki byggðar er meiri en 12,5 íbúar á ferkílómetra, séu sett inn á byggðakort.
- 17) Í fyrsta lagi mega skiptin ekki verða til þess að íbúum, sem byggðakortið tekur til, fjölgi, eins og fram kemur í 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Á fortílkynnta svæðinu eru 1 253 474 íbúar, eða 25,48% af heildaríbúafjölda Noregs, og þar með fellur það undir 25,51% íbúamarkið, sem kemur fram í 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að þessari kröfu sé fullnægt.
- 18) Í öðru lagi verður þéttleiki byggðar í þeim hlutum fylkjanna, sem geta nýtt sér sveigjanleikann, að vera minni en 12,5 íbúar á ferkílómetra á fylkisvísu. Eins og sýnt hefur verið fram á í töflu tvö hér að framan, er þessari kröfu fullnægt á fylkisvísu í þeim sveitarfélögum, sem falla undir byggðakortið.
- 19) Í þriðja lagi verða sveitarfélög, sem eru sett inn á byggðakort, að vera samfelld svæði og liggja að fylkjum þar sem þéttleiki byggðar er minni en 12,5 íbúar á ferkílómetra. Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögin, sem hafa verið sett inn, fullnægi þessari kröfu, eins og sjá má á kortinu í viðaukanum við þessa ákvörðun. (7)

#### 3. Aðstoðarhlutfall

- 20) Hámark almennrar aðstoðar við öll hlutgeng svæði er 15% af vergu styrkigildi; þar við bætist 20% hækkun til lítilla fyrirtækja og 10% til meðalstórra fyrirtækja. Aðstoðarhlutfallið verður að fara að því hámarki sem sett er í 154. og 155. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

#### 4. Gildistími og endurskoðun

- 21) Hið tilkynnta kort mun gilda frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020, í samræmi við 156. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Hið tilkynnta kort kann að vera endurskoðað á miðju tímabili í júní 2016, ef þess gerist þörf, eins og mælt er fyrir um í 161. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, til þess að auðkenna hugsanleg svæði sem kunna að eiga rétt á byggðaaðstoð samkvæmt stafl. a) í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og aðstoðarhlutfalli sem svarar vergri landsframleiðslu á mann.

(7) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að minna en 10 km bil er með fram sænsku landamærunum, milli þriggja sveitarfélaga, Rømskog, Marker og Aremark (í Austfoldfylki) og hlutgengra svæða í Heiðmerkurfylki. Eftirlitsstofnun EFTA telur engu að síður, að líta megi svo á að sveitarfélögin þrjú í Austfold liggja að öðrum hlutgengum svæðum í skilningi 147. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA bendir enn fremur á að þéttleiki byggðar í Rømskog, Marker og Aremark er lítil (6,9 á ferkílómetra).

- 22) Að auki skerðir ákvörðunin ekki heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að endurskoða kortið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ef nauðsyn krefur, áður en ofangreindu tímabili lýkur.

**5. Niðurstaða – byggðakortið samrýmist leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð**

- 23) Á grundvelli matsins, sem hér hefur verið lýst, er það afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að norska byggðakortið fyrir árin 2014–2020 samrýmist meginreglunum í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð þar eð íbúahlutfallið á svæðinu sem það tekur til er ekki hærra en segir til um í 142. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð. Svæðin, sem falla undir byggðakortið, fullnægja einnig öðrum kröfum í 149. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, þar eð aðstoðarhlutfallið er innan marka þess sem segir í 154. og 155. mgr. leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð og þar eð gildistíminn er ekki lengri en gildistími leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð, sbr. 156. mgr. þeirra.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Norska byggðakortið fyrir árin 2014–2020 samrýmist meginreglunum í leiðbeinandi reglum um svæðisbundna ríkisaðstoð. Kortið sem er að finna í viðauka við ákvörðun þessa er því óaðskiljanlegur hluti leiðbeinandi reglna um svæðisbundna ríkisaðstoð.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

*3. gr.*

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2014.


*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes  
*Forseti*

Frank Büchel  
*Stjórnarmaður*



VIÐAUKI  
Byggðakort 2014–2020



# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/34/03

(mál M.7188 – Remondis Nederland/SITA Recycling Services/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Remondis Nederland B.V., sem er í eigu þýska fyrirtækisins Remondis AG & Co („Remondis Group“) og lýtur endanlegum yfirláðum þýska fyrirtækisins Rethmann AG & Co. KG, og hollenska fyrirtækið SITA Recycling Services B.V. („SITA“), sem lýtur endanlegum yfirláðum franska fyrirtækisins Suez Environnement Company SA, öðlast í sameiningu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu, sameiginlegu hollensku fyrirtæki („NewCo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Remondis Group: alþjóðlegt þjónustufyrirtæki á sviði vatns og umhverfismála, auk þess sem það safnar saman, flokkar og endurvinnur plastúrgang, meðal annars
  - SITA: starfar í Hollandi og safnar saman, flytur og vinnur iðnaðarúrgang, sérstakan úrgang, heimilisúrgang, auk þess sem það stundar viðhald á holræsum og hreinsar jarðveg
  - NewCo: mun flokka plastúrgang frá hollenskum heimilum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 178, 12. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7188 – Remondis Nederland/SITA Recycling Services/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7216 – Reggeborgh/Argos Energy Group)**

**2014/EES/34/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Reggeborgh Invest B.V. („Reggeborgh“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Argos Group Holding („Argos Holding“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Reggeborgh: viðskipti og afhending jarðolíuvara til nota á láði og legi, fasteignapróun, byggingarþjónusta og útleiga farartækja
  - Argos Holding: viðskipti og afhending jarðolíuvara til nota á láði og legi í Norðvestur-Evrópu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 178, 12. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7216 – Reggeborgh/Argos Energy Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7219 – Sonaci/DTS/Sonaci DT)**

2014/EES/34/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem angólska fyrirtækið Sonangol Comercializacao Internacional Ltd („Sonaci“), sem lýtur endanlegum yfiráðum angólska ríkisins, og singapúrsku fyrirtækið DTS Holdings (Singapore) Pte. Ltd, sameiginlegt fyrirtæki hollenska fyrirtækisins Trafigura Beheer B.V. og bahameyska fyrirtækisins Cochán Ltd, öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfiráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í singapúrsku fyrirtækinu Sonaci DT Pte. Ltd („Sonaci DT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sonaci: kemur fram sem umboðsaðili Sociedade Nacional de Combustiveis de Angola, Empresa Publica, í tengslum við markaðssetningu hráolíu og jarðgass. Sonaci útvegar og semur um sölu og kaup á þessum vörum
  - DTS: heldur utan um fjölbreytt eignasafn á sviði viðskipta, siglingainnviða, námavinnslu, vöruferlisstjórnunar, fasteigna og dreifingu olíuvara, einkum í Angóla og sunnanverðri Afríku. Fyrirtækið á einnig félag sem stundar viðskipti með fljótandi jarðgas
  - Sonaci DT: mun stunda viðskipti með fljótandi jarðgas á alþjóðavettvangi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 180, 13. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7219 – Sonaci/DTS/Sonaci DT, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7265 – Zimmer/Biomet)**

2014/EES/34/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Zimmer Holdings, Inc. („Zimmer“) óðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Biomet, Inc. („Biomet“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Zimmer: hönnun, þróun og markaðssetning gerviliða og gervibeina, búnaðar fyrir hryggjarsúlu, lífefnalyfja, tanngræða og tengdra skurðlækningavara
  - Biomet: starfsemi á sviði bæklunarlækningabúnaðar og annarra lækningatækja og tengdra vara
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 180, 13. júní 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7265 – Zimmer/Biomet, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7301 – PAI Partners/Euro Media Group)**

2014/EES/34/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PAI Partners öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Euro Media Group.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PAI Partners: umsýsla eignasafna fyrir hönd þriðju aðila
  - Euro Media Group: tæknibúnaður og þjónusta við framleiðslu og birtingu miðlunarefnis
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 178, 12. júní 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7301 – PAI Partners/Euro Media Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki  
afturkallar tilkynningu**

2014/EES/34/08

**Ríkisaðstoð – Slóvenía**

**(107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins)**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans  
um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð**

**Málsnúmer SA.33707 (2013/C) – Byggðaaðstoð til Revoz d.d.**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 2. júlí 2013 í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með vísan til þess að stjórnvöld í Slóveníu afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 18. júlí 2013.

**Ákvörðun um að hætta formlegri rannsókn í kjölfar þess að aðildarríki  
afturkallar tilkynningu**

2014/EES/34/09

**Ríkisaðstoð – Portúgal**

**(107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins)**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sáttmálans  
um starfshætti Evrópusambandsins – Tilkynning afturkölluð**

**Málsnúmer SA.34764 (2012/C) – Byggðaaðstoð til Europac Kraft Viana, SA**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð sem stofnað var til 9. maí 2012 <sup>(1)</sup> í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með vísan til þess að stjórnvöld í Portúgal afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 15. apríl 2014.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 395, 20.12.2012, bls. 72.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/34/10

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Bretland
Flugleiðir	Newquay til Heathrow Airport Newquay til Gatwick Airport Newquay til Stansted Airport Newquay til Luton Airport Newquay til London City Airport Newquay til Southend Airport
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	26. október 2014
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða hinar breyttu almannaðjónustukvaðir, eftir beiðni sem senda ber:	Cornwall Council New County Hall Treyew Road Truro TR1 3AY, UNITED KINGDOM  Berist til: Corporate Procurement Services Netfang: jcarlyon@cornwall.gov.uk

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/34/11

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir**

Aðildarríki	Bretland
Flugleiðir	Newquay til Heathrow Airport Newquay til Gatwick Airport Newquay til Stansted Airport Newquay til Luton Airport Newquay til London City Airport Newquay til Southend Airport
Samningstími	Október 2014 til september 2018
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	61 dagur frá birtingu auglýsingarinnar í <i>Stjórnartíðundum Evrópusambandsins</i> (birtingardagur 7.6.2014)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðsauglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar	Cornwall Council New County Hall Treyew Road Truro TR1 3AY UNITED KINGDOM  Berist til: Corporate Procurement Services Netfang: jcarlyon@cornwall.gov.uk



**Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á sérleyfisleitarsvæði nr. 107**

2014/EES/34/12

Útboðið varðar úthlutun sérleyfa fyrir leit eða rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum á sérleyfisleitarsvæði nr. 107 í Pomorskie-, Kujawsko-Pomorskie- og Wielkopolskie-sýslum:

Heiti	Leitarsvæði nr.	Útfærsla 1992	
		X	Y
Sérleyfisleitarsvæði nr. 107	107	655 744,98	368 038,05
		654 908,86	400 994,77
		627 130,36	400 408,57
		627 983,42	367 257,46

Umsóknir verða að taka til sama svæðis.

Umsóknir um sérleyfi verður að senda til aðalskrifstofu umhverfissráðuneytisins eigi síðar en klukkan 12 á hádegi (að Brussel-tíma) á síðasta degi 91 dags tímabils sem hefst daginn eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjtið. ESB C 166, 3.6.2014, bls. 14).

Umsóknir sem berast verða metnar samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

- tækni sem ætlað að nýta til verksins (50%),
- tæknilegri og fjárhagslegri getu umsækjanda (40%),
- gjaldinu sem er boðið vegna námavinnsluréttindanna (10%).

Lágmarksgjald fyrir námavinnsluréttindin vegna sérleyfisleitarsvæðis nr. 107 er:

- þegar um ræðir leit að olíu- og jarðgaslindum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 102 612,59 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 123 135,10 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 143 657,62 PLN á ári,
- þegar um ræðir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 205 225,17 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 246 270,21 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 287 315,24 PLN á ári,
- þegar um ræðir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum:
  - á fimm ára grunntímabili: 205 225,17 PLN á ári,
  - á sjötta, sjöunda og áttunda ári gildistíma samnings um námavinnslu: 246 270,21 PLN á ári,
  - á níunda ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 287 315,24 PLN á ári.

Umsóknir verða opnaðar í votta viðurvist á aðalskrifstofu umhverfissráðuneytisins kl. 12 á hádegi (Brussel-tíma) á 14. virkum degi eftir að umsóknarfrestur rennur út. Mati á umsóknunum verður lokið áður en sex mánuður eru liðnir frá því að umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

Umsóknir verða að vera á pólsku.

Úthlutunaryfirvald mun veita sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum þeim umsækjanda sem verður fyrir valinu, að teknu tilliti til álits viðeigandi yfirvalda, og mun gera samning um námavinnslu við hann.

Umrætt fyrirtæki verður að hafa bæði námvinnsluréttindi og sérleyfi til að leita að og rannsaka kolvatnslindir í Póllandi.

Umsóknir skulu sendar umhverfisráðuneytinu á neðangreint pósthfang:

Ministerstwo Środowiska  
Departament Geologii i Koncesji Geologicznych  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/PÓLLAND

Upplýsingar:

— vefsetur umhverfisráðuneytisins: [www.mos.gov.pl](http://www.mos.gov.pl)

— Departament Geologii i Koncesji Geologicznych

Ministerstwo Środowiska  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/PÓLLAND

Sími: +48 225792449

Bréfasími: +48 225792460

Netfang: [dgikg@mos.gov.pl](mailto:dgikg@mos.gov.pl)

#### Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2014

2014/EES/34/13

#### Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)

Auglýst er eftir umsóknum undir fyrirsögninni „Heilbrigðismál – 2014“ á grundvelli þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) <sup>(1)</sup>.

Auglýsingin skiptist í eftirtalda hluta:

- auglýsingu um tillögur um styrki vegna sértækra aðgerða í mynd verkefnastyrkja,
- auglýsingu um tillögur um styrki til starfsemi sjálfstæðra stofnana (rekstrarstyrki).

Frestur til að skila inn tillögum er sem hér segir: 25. september 2014 vegna verkefnastyrkja, 25. september 2014 vegna samstarfssamnings um rekstrarstyrki og 25. september 2014 vegna beitingar sérstaks styrksamnings.

Unnt er að nálgast allar upplýsingar, þ.m.t. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. maí 2014 um samþykkt starfsáætlunar fyrir árið 2014 í tengslum við framkvæmd þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020), svo og viðmiðanir sem ráða vali umsókna, styrkveitingum og öðrum atriðum í tengslum við fjárframlög til aðgerða samkvæmt áætluninni, á vefsetri framkvæmdastofnunar neytenda- og heilbrigðismála og matvæla (Chafea):

<http://ec.europa.eu/chafea/>

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 282/2014 frá 11. mars 2014 um að koma á fót þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1350/2007/EB (Stjóð. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 1).